

# Ársskýrsla Glímusambands Íslands 2025



Skýrsla Glímusambands Íslands og glímuárbók árið 2025

Kristín Embla Guðjónsdóttir tók saman.

Forsíðumynd: Sigurvegarar Íslandsglímu 2025, Hákon Gunnarsson og Kristín Embla Guðjónsdóttir

## Efnisyfirlit

<b>Ávarp formanns GLÍ.....</b>	<b>3</b>
<b>Símaskrá GLÍ.....</b>	<b>5</b>
<b>Sambandsaðilar GLÍ.....</b>	<b>6</b>
<b>Stjórn GLÍ 2025-2026.....</b>	<b>6</b>
<b>Nefndir GLÍ 2025-2026.....</b>	<b>7</b>
Skýrsla aganefndar.....	7
Fræðslu- og útbreiðslunefndir.....	7
Skýrslur laganefnda.....	11
Skýrslur minjasafnsnefnda.....	11
Skýrslur mótanefnda.....	11
Skýrslur utanríkisnefndar.....	12
<b>Ársskýrsla Glímudómarafélags Íslands.....</b>	<b>16</b>
<b>Dómaratal 2026.....</b>	<b>17</b>
<b>Glímufólk ársins.....</b>	<b>18</b>
Glímufólk ársins 2025.....	18
Glímufólk ársins frá upphafi.....	19
<b>Efnilegasta glímufólkið.....</b>	<b>21</b>
Efnilegasta glímufólkið 2025.....	21
Efnilegasta glímufólkið frá upphafi.....	22
<b>Glímueldhugi.....</b>	<b>24</b>
Glímueldhugi 2025.....	24
Glímueldhugar frá upphafi.....	24
<b>Heiðursviðurkenningar GLÍ.....</b>	<b>25</b>
Heiðursviðurkenningar frá upphafi.....	27
<b>Glímumót og keppendur.....</b>	<b>29</b>
Keppendur í glímu 2025.....	29
<b>Ársreikningur 2025.....</b>	<b>32</b>
<b>Landsmót GLÍ 2025.....</b>	<b>41</b>
Janúarmót 2025.....	41
Bikarglíma Íslands.....	43
Íslandsmeistaramót 2025.....	46
Grunnskólamót 2025.....	50
Íslandsglíman 2025.....	52
Fegurðarglímuverðlaun 2025.....	54
Haustmót 2025.....	55
<b>Unglingalandsmót UMFÍ.....</b>	<b>57</b>
<b>Reykjavík.....</b>	<b>59</b>
Bikarglíma KR 2025.....	59
Flokkaglíma KR 2025.....	60

Suðurland.....	61
Grunnskólamót HSK 2025.....	61
Héraðsmót HSK 2025.....	65
Fjórðungsglíma Suðurlands 2025.....	68
Austurland.....	70
Fjórðungsglíma Austurlands 2025.....	70
<b>Þinggerð 61. ársþings Glímusamband Íslands.....</b>	<b>71</b>
<b>Myndir af starfinu 2025.....</b>	<b>88</b>

## Ávarp formanns GLÍ

Árið 2025 var mjög sérstakt hjá Glímusambandinu. Það voru þrjár mismunandi stjórnir starfandi og mikið umrót.

Glímuþing var haldið þann 11 maí 2025, en því hafði verið frestað vegna þess að reikningar þess voru ekki tilbúnir. Á þinginu kom í ljós að þrátt fyrir frestun, voru þeir enn ekki tilbúnir. Samstarfið í stjórninni sem kosin var 2024, hafði ekki verið á besta veg og samkvæmt yfirlýsingum á Glímuþingi var ekki vilji til að halda áfram samstarfi formanns annars vegar og gjaldkera, sem jafnframt var framkvæmdastjóri, hins vegar. Á þinginu var kosin bráðabirgðastjórn til eins mánaðar sem hefði það megin hlutverk að koma fjármálunum á hreint og halda framhaldsþing í júní. Framhaldsþing var loks haldið í lok september þar sem ársreikningar 2024 voru samþykktir með meirihluta atkvæða, en fram kom hjá gjaldkera bráðabirgðastjórnar, að reikningarnir væru kannski ekki alveg réttir. Bráðabirgðastjórnin sagði framkvæmdastjóra upp störfum í maí og upp komu deilur um ógreidd laun og óreiðu í fjármálum. Þau mál voru ekki til lykta leidd af bráðabirgðastjórn.

Í nýrri stjórn sem við tók á Glímuþingi 28. september 2025, var enginn stjórnarmaður sem setið hafði í stjórn í fjölda ára. Á framhaldsþinginu kom eftirfarandi fram í minnisblaði sem Sigmundur Stefánsson lagði fram, en þar er stöðunni sem ný stjórn stóð frammi fyrir, vel lýst:

“Sigmundur Stefánsson var kosinn á vorþinginu til að skoða reikningana og bera saman ið fjárhagsáætlun. Á minnisblaði hafði hann eftirfarandi við þessi skjöl að athuga:

1. Engir launaseðlar voru meðal fylgiskjala.
2. Styrkir og aðrar tekjur voru ofáætluð um rúma milljón í fjárhagsáætlun.
3. Á gjaldahlið reikninga voru **Glímukynningar** að upphæð kr. 6.532.747. Ljóst að þessi gjaldaliður var summa nokkurra bókhaldslykla. Langstærsti liðurinn í þeirri summu er **Mót erlendis** kr. 4.829.066. Í fjárhagsáætlun var liðurinn **Erlent samstarf og ferðir** kr. 500.000. Hér hefur verið farið langt fram úr áætlun. Gera verður alvarlega athugasemd við að reikningar sambandsins séu settir fram án þess að kostnaður vegna móta erlendis komi fram með skýrum hætti.

Verulegur rekstrarhalli 2023 og 2024 staðfestir að sambandið hefur ekki efni á að vera með starfsmann í fullu starfi allt árið og að kostnaður vegna móta erlendis verður að vera í samræmi við fjárhagsáætlun. Til að raunverulegur kostnaður við glímukynningar komi fram í bókhaldinu verður að sýna hve stór hluti af launum starfsmanns fer til þeirra.

Sigmundur Stefánsson.”

Fjármál sambandsins og uppgjör á launakröfu fyrrum framkvæmdastjóra, voru fyrstu verk nýrrar stjórnar, auk þess að afla upplýsinga og bókhaldsgagna fyrir yfirstandandi ár auk þess að reka eðlilega starfsemi án starfsmanns. Í ljós komu reikningar vegna keppnisferða, sem búið var að gefa út en höfðu ekki verið sendir til þátttakenda. Samantekt á óuppgerðum kostnaði vegna tveggja keppnisferða á fyrri hluta 2025 gekk mjög erfiðlega og óreiða í utanumhaldi á fjármálum GLÍ er ein stærsta ástæðan fyrir því að Glímuþing 2026 er haldið svo seint sem orðið er. Spurning er hvort ÍSÍ

hefði ekki átt að grípa inní því ástandið átti að vera þeim ljóst, starfsskýrslum hafði ekki verið skilað og rauð ljós voru farin að blikka hér og þar.

Áhersla var lögð á að koma kynningum á glímu af stað í skólum með það að markmiði að fjölga iðkendum í Íslenskri glímu á nýjan leik. Að mati stjórnar hefur stefna síðustu ára ekki skilað sér, það að fá iðkendum úr öðrum fangbragðagreinum, að ekki sé talað um bardagaíþróttum, hefur ekki skilað sér með fjölgun iðkenda glímuíþróttarinnar. Þau félög sem hafa skilað inn hæstu iðkendatölunum til ÍSÍ, eru alls ekki með Íslenska glímu heldur eru félagar í þeim að stunda aðrar íþróttir sem margar hverjar eru bardagaíþróttir og alls ekki fangbrögð.

Stjórnin rauf á tengsl við tyrknesk hagsmunasamtök sem fyrri stjórn GLÍ var að vinna í að verða aðili að, en á Glímupingum í maí og september kom skýrt fram að stjórn GLÍ sem hafði sótt um aðild, hafði gert það án umboðs Glímupings og hafði ekki leitað til ÍSÍ um málið.

Keltneska fangbragðasambandinu var tilkynnt að vegna bágrar fjárhagsstöðu yrði lítið um samskipti, hvað þá þátttöku í keppnum á næstu misserum.

Enginn framkvæmdastjóri hefur verið að störfum hjá GLÍ frá því fyrri framkvæmdastjóra var sagt upp að loknu Glímupingi í maí 2025. Því miður tókst ekki að ljúka vinnu við launauppgjör við fyrrum framkvæmdastjóra á árinu 2025.

Stjórnarmenn hafa unnið saman að daglegum rekstri, séð um glímukynningar og fengið aðra til þess að halda þær gegn greiðslu. Stjórnin hefur tekið þá afstöðu að útbreiðslustyrkir skuli fara að megninu til að styrkja innlent starf, fá glímufólk til starfa við að fjölga iðkendum og styrkja grunninn þar sem glímuiðkun er til staðar og koma á glímustarfi aftur þar sem það hefur legið niðri á undanförunum árum.

Samstarf núverandi stjórnar hefur verið með ágætum en alltof mikill tími hefur farið í að taka til og koma málum í lag.

Að lokum þökkum við öllu glímufólki samstarfið og ÍSÍ fyrir stuðning og aðstoð við hin ýmsu mál.

Fyrir hönd stjórnar;

Rögnvaldur Ólafsson  
Formaður Glímusambands Íslands

# Símaskrá GLÍ

Arngeir Friðriksson	Helgastöðum	641 Húsavík	897-3127
Atli Már Sigmarsson	Tungumel 16	730 Reyðarfirði	869-7514
Ásgeir Víglundsson	Njörvasundi 37	104 Reykjavík	866-1587
Ásmundur H. Ásmundsson	Melbrún 12	730 Reyðarfirði	843 7836
Berglind Kristinsdóttir	Hrafnagili	601 Akureyri	693-6524
Eva Dögg Jóhannsdóttir	Fjarðarási 11	110 Reykjavík	777 3339
Garðar Erlendsson	Álalind 10	201 Kópavogi	892-0012
Guðbjört Lóa Þorgrímsd.	Ásgarði	371 Búðardal	843 0107
Guðjón Magnússon	Hæðargerði 10a	730 Reyðarfirði	893-2699
Guðmundur St. Gunnarsson			793 9880
Gunnar Þ. Brynjarsson	Baldursheimi 1	660 Mývatn	848-7597
Gústaf Sæland	Miðholti 21	806 Selfossi	778 0886
Hákon Óli Sigurðsson	Hlíðarvegi 26a	400 Ísafirði	698-7694
Helgi Bjarnason	Gaukshólar 2	111 Reykjavík	891-9019
Helgi Kjartansson	Dalbraut 2	801 Selfoss	898-1552
Ingibergur J. Sigurðsson	Hlíðarhjalla 69	200 Kópavogi	869-8622
Jana Lind Ellertsdóttir			789-7989
Jóhann Pálmason	Gunnarsbraut 7	371 Búðardalur	853-9606
Jón Birgir Valsson	Brekksmára 1	201 Kópavogur	699-0019
Jón M. Ívarsson	Skipasundi 44	104 Reykjavík	861-6678
Kjartan Lárusson	Austurey 1	840 Laugarvatn	898-8902
Kristinn Guðnason	Þverlæk, Holtum	851 Hella	861-6524
Kristín Embla Guðjónsdóttir	Jöfursbási 11E	112 Reykjavík	857-6404
Kristján Yngvason	Kópavogsbarði 19	200 Kópavogur	693-7005
Lambi Haraldsson	Smyrslaheiði 44	810 Hveragerði	867 1875
Margrét Rún Rúnarsdóttir		Kanada	865-5315
Marín Laufey Davíðsdóttir	Melbrún 12	730 Reyðarfirði	864-0642
Ólafur Haukur Ólafsson			
Ólafur Elí Magnússon	Króktúni 9	860 Hvolsvelli	848 6196
Ólafur Oddur Sigurðsson	Furugrund 7	800 Selfoss	771-5365
Óttar Ottósson	Birkimel 6a	107 Reykjavík	865-4143
Rögnvaldur Ólafsson	Fannafold 137a	121 Reykjavík	696-3596
Rúnar Þór Brynjólfsson	Seljalandsvegi 16	400 Ísafjörður	895-3595
Sigmundur Stefánsson	Skyggnisbraut 3	113 Reykjavík	898-6476
Sigurjón Leifsson	Bjarkarási	210 Garðabæ	616-1956
Snær Seljan Þóroddsson	Rauðalæk 14		866-6665
Stefán Geirsson	Gerðum	801 Selfoss	867-6907
Svana H. Jóhannsdóttir	Brákarsundi 7	310 Borgarnes	779-1324
Valgeir Halldórsson	Grettisgötu 69	101 Reykjavík	659-5033
Þorvaldur Þorsteinsson	Torfufelli 38 111	Reykjavík	891-6137
Þóroddur Helgason	Stekkjargrund 2	730 Reyðarfjörður	60-8331
<b>Erlendir glímumenn</b>			
David Lundholm	Stokkhólmi	0046-705594847	0046-86004064

## Sambandsaðilar GLÍ

GLÍ	Engjavegi 6	104 Reykjavík	789-7989
HSK	Engjavegi 44	800 Selfoss	482-1189
HSV	Suðurgötu 12	400 Ísafjörður	456-5434
HSP	Laugum	650 Laugar	464-3107
ÍBA	Íþróttahöllinni	600 Akureyri	462-1202
ÍBR	Engjavegi 6	104 Reykjavík	535-3700
ÍSÍ	Engjavegi 6	104 Reykjavík	514-4000
UDN	Miðbraut 8	370 Búðardalur	434-1428
UÍA	Miðvangi 2 - 4	700 Egilsstaðir	471-1353
UMFÍ	Sigtúni 42	105 Reykjavík	568-2929
UMSS	Víðigrund 5	550 Sauðárkrókur	453-5460

## Stjórn GLÍ 2025-2026

**Formaður:** Rögnvaldur Ólafsson

**Varaformaður:** Kjartan Lárusson

**Ritari:** Sigurjón Leifsson

**Gjaldkeri:** Sigmundur Stefánsson

**Meðstjórnandi:** Lambi Haraldsson

**Varastjórn:** Atli Már Sigmarsson, Marteinn Lundi Kjartansson og Helgi Bjarnason

# Nefndir GLÍ 2025-2026

## Skýrsla aganefndar

**Aganefnd:** Jóhanna Guðrún Magnúsdóttir, formaður  
Jón Birgir Valsson  
Ingólfur Narfason

**Varamenn:** Jón M. Ívarsson  
Jóhannes Pétur Héðinsson  
Magnús Karl Ásmundsson

Engin skýrsla barst frá nefndinni.

## Fræðslu- og útbreiðslunefndir

### Fyrri hluta 2025

Marín Laufey Davíðsdóttir, formaður  
Gústaf Sæland  
Hjörtur Elí Steindórsson

Engin skýrsla barst frá nefndinni.

### Frá 28. september 2025:

Rögnvaldur Ólafsson, formaður  
Eva Dögg Jóhannsdóttir

### Yfirlit yfir glímukynningar í Þingeyjarsýslum í nóvember 2025

Rögnvaldur Ólafsson, formaður GLÍ og Sigurjón Leifsson, ritari stjórnar, fóru norður sunnudaginn 2. nóvember 2025. Fyrstu nóttina var gíst á Akureyri en á mánudagsmorgun var farið í Stjórutjarnarskóla. Þar var glíma kynnt fyrir öllum aldurshópum í skólanum en kynnt var í þremur hópum. Skólinn á 20 glímubelti í ágætu ástandi. Ekki hefur verið kynnt glíma í skólanum í meira en 10 ár. Alls tóku 32 krakkar þátt í glímukynningum og aðstoðaði íþróttakennari skólans við kynninguna.

Þriðjudaginn 4. nóvember var haldið í austur og tekin kynning í Öxarfjarðarskóla. Kynningar fóru fram í íþróttahúsi skólans og var nemendum skipt í þrjá aldurshópa. Alls tóku 37 krakkar þátt og voru kennarar skólans mjög hjálplegir. Um hádegi var haldið enn lengra og stefnan tekin á Þórshöfn. Þar var mikill áhugi og íþróttakennari sem hafði fengið glímukennslu í Íþróttakennaraskólanum á Laugarvatni. Alls voru 62 nemendur sem fengu kynningu á glímunni. Frétt var sett inn á heimasíðu skólans um glímukynninguna og er hér tengill inn á síðuna:  
<https://www.grunnskolin.com/is/frettir/glima>



*Á Þórshöfn var mikill áhugi*

Þann 5 nóvember þurfti að komast í 3 skóla og skiptu menn því með sér verkum. Sigurjón fór á Húsavík þar sem verulegur áhugi var á kynningunni. Alls tóku 85 nemendur þátt og var mikil aðstoð veitt af íþróttakennurum skólans. Í Þingeyjarskóla, Hafralæk fór kynningin fram í salnum í Ídölum, undir stjórn Rögnvaldar. Alls tóku 46 þátt í kynningunni.

Um hádegi hélt Rögnvaldur upp í Reykjahlíð og fór í grunnskólann þar og hélt kynningu í matsalnum, þar sem íþróttasalurinn var upptekinn. Í Reykjahlíð var vel tekið á og gamlir glímutaktar sáust hjá bæði nemendum og starfsmönnum skólans. Alls voru 39 nemendur sem fengu glímukynningu.



*Mikið um að vera í Mývatnssveitinni. Kennari rifjaði upp gamla takta í viðureign við dótturina.*

Fimmtudaginn 6. nóvember var haldið til Grenivíkur. Kynning fór fram í þremur hlutum, fyrir mismunandi aldurshópa. Margir starfsmenn skólans voru til aðstoðar. 48 nemendur voru í skólanum þennan dag og fengu allir kynningu.

Athyglisvert var að mjög fáir krakkar vissu hvað glíma er eða höfðu heyrt af íþróttinni. Í einhverjum skólum hafði krökkunum verið sýnt myndband nokkrum dögum áður en kynningin var. Líka kom fram að íþróttakennarar höfðu snúið sér til Glímusambandsins á umliðnum árum og óskað eftir kynningu en verið tjáð að þær væru ekki í boði.



*Tekið á því í Lundaskóla*

Skóli	Fjöldi
Stórutjarnarskóli	32
Öxarfjarðarskóli	37
Grunnskólinn Þórshöfn	62
Borgarhólsskóli, Húsavík	85
Þingeyjarskóli, Hafralæk	46
Reykjahlíðarskóli, Mývatni	39
Grenivíkurskóli	48
Samtals	349

### **Glímukynningar á höfuðborgarsvæðinu 2025**

Í október, nóvember og desember 2025 fóru fram glímukynningar í nokkrum skólum í Reykjavík. Gústaf Sæland sá um þær.

Alls fengu 98 nemendur kynningu, en þeir voru í 2. bekk, 6. bekk og 8-10. bekk

Skólarnir sem fengu kynningu voru eftirtaldir:

Tjarnarskóli	8-10. bekkur	12 nemendur
Vesturbæjarskóli	2. og 6. bekkur	34 nemendur
Vesturbæjarskóli	2. og 6. bekkur	28 nemendur
Melaskóli	2. og 5. bekkur	24 nemendur

## Skýrslur laganefnda

### Fyrri hluti 2025

Einar Eypórsson, formaður  
Atli Már Sigmarsson  
Svana Hrönn Jóhannsdóttir

Engin mál bárust nefndinni.  
F.h. laganefndar, Einar Eypórsson

### Frá 28. september 2025

Atli Már Sigmarsson, formaður  
Jóhanna Vigdís Pálmadóttir  
Þórður Vilberg Guðmundsson

Laganefnd fór yfir lög og reglugerðir Glímusambandsins og uppfærðar útgáfur settar á heimasíðuna.  
F.h. laganefndar, Atli Már Sigmarsson

## Skýrslur minjasafnsnefnda

### Fyrri hluti 2025

Guðmundur Stefán Gunnarsson, formaður  
Gunnar Örn Guðmundsson  
Óttar Ottósson

Engin skýrsla barst frá nefndinni.

### Frá 28. september 2025

Lambi Haraldsson, formaður  
Jón M. Ívarsson  
Helgi Bjarnason

Engin skýrsla barst frá nefndinni.

## Skýrslur mótanefnda

### Fyrri hluti 2025

Jana Lind Ellertsdóttir, formaður  
Bjarni Darri Sigfússon  
Hjörtur Elí Steindórsson

Á meðan mótanefnd Glímusambands Íslands starfaði á árinu 2025, fram að miðjum maí þegar ný

nefnd var kosin, voru haldin 8 mót á vegum sambandsins. Vegna tvíbókunar þurfti að breyta staðsetningu tveggja móta. Íslandsmótið átti upphaflega að fara fram á Hvolsvelli, en Höfðingjamót og Grunnskólamót í Reykjavík. Í kjölfar þessarar breytingar var Íslandsmótið haldið á Hvolsvelli, en Höfðingjamót og Grunnskólamót í Reykjavík. Mótin gengu almennt vel og skipulag tókst samkvæmt áætlun þrátt fyrir framangreindar breytingar.

<b>Dagsetning</b>	<b>Mót</b>	<b>Staður</b>
11. janúar	Janúarmót Hrafnagil	
8. febrúar	Bikarglíma og Bikarglíma 16 ára og yngri	Reyðarfjörður
8. mars	Íslandsmót GLÍ, Íslandsmót 15 ára og yngri	Hvolsvöllur
13. apríl	Höfðingjamót og Grunnskólamót í glímu	Reykjavík
10. maí	Íslandsglíman	Reykjavík

Jana Lind Ellertsdóttir

### **Frá 28. september 2025**

Kjartan Lárusson, formaður  
Guðjón Magnússon  
Guðbjört Lóa Þorgrímsdóttir

Fyrsta verk nýrrar mótanefndar var að ganga frá mótaskrá og panta hús. Eftirfarandi mót voru haldin á vegum GLÍ:

15. nóv 2025 Melaskóla Reykjavík, Haustmót.  
31. jan 2026 Reyðarfjörður, Bikarglíma.  
28. feb 2026 Laugarvatn, Grunnskólamót og sveitaglíma 16.ára og yngri.  
28. mars 2026 Reykjavík, Íslandsmót.  
11. apríl 2026 Búðardal, Íslandsglíma.

Mótanefnd vill þakka öllum þeim sem lögðu hönd á plóg og störfuðu á mótum GLÍ fyrir gott samstarf og gerðu þessi mót ánægjuleg fyrir keppendur og áhorfendur.

## **Skýrslur utanríkisnefndar**

### **Utanríkisnefnd janúar - maí 2025**

Jana Lind Ellertsdóttir, formaður  
Guðmundur Stefán Gunnarsson  
Ólafur Oddur Sigurðsson

Fyrir glímubing hélt starf nefndarinnar markvissum og skipulögðum hætti. Landsliðsþjálfarar héldu áfram góðu og faglegu starfi með Afrekshópi GLÍ.

Þjálfarateymi landsliðsins á tímabilinu var skipað Ásmundi Hálfðáni Ásmundssyni, Ingibergi Sigurðssyni, Marín Laufeyju Davíðsdóttur og Ólafi Oddi Sigurðssyni. Opna bretónska mótið í backhold fór fram 15. febrúar 2025 í Bretóníu. Frá Íslandi fóru 16 keppendur, tveir landsliðspjálfarar, þeir Ásmundur og Ingibergur, ásamt Þuríði R. Sigurjónsdóttur, fararstjóra, Þórði Páli Ólafssyni, dómara og Guðmundi Stefáni Gunnarssyni, formanni GLÍ og forseta FILC. Hópurinn stóð sig afar vel á mótinu sem nýttist vel í undirbúningi fyrir Evrópumeistaramót í keltneskum fangbrögðum. Hér fyrir neðan eru úrslit íslenskra keppenda.

Nafn keppanda	Backhold	Flokkur
Alexandra Agla Jónsdóttir	-	Undir 63 kg kvk
Benóní Meldal Kristjánsson	3. sæti	Undir 64 kg yngri unglíngar kk
Dagur Smári Ingibergsson	3. sæti	Yfir 74 kg yngri unglíngar kk
Davíð Máni Stefánsson	4. sæti	Undir 62 kg kk
Elin Eik Guðjónsdóttir	-	Yfir 70 kg kvk
Gunnar Freyr Þórarinsson	5.-8. sæti	Yfir 90 kg kk
Gústaf Sæland	6. sæti	Undir 74 kg kk
Hákon Gunnarsson	1. sæti	Yfir 80 kg eldri unglíngar kk
Heiðrún Fjóra R. Pálsdóttir	3. sæti	Yfir 70 kg kvk
Jana Lind Ellertsdóttir	3. sæti	Undir 63 kg kvk
Jóhanna Vigdís Pálmadóttir	1. sæti	Yfir 80 kg kvk
Jóhannes R. Pálsson	5.-6. sæti	Yfir 80 kg eldri unglíngar kk
Kristín Embla Guðjónsdóttir	2. sæti	Yfir 70 kg kvk
Magnús Helgi Einarsson	7.-8. sæti	Undir 74 kg kk
Mattías Örn Kristinsson	5. sæti	Undir 64 kg yngri unglíngar kk
Þórhallur Karl Ásmundsson	6.-7. sæti	Undir 64 kg yngri unglíngar kk



*Keppendur á opna bretónska mótinu í Backhold.*

Evrópumeistaramótið í keltneskum fangbrögðum fór fram 19.-20. apríl 2025 í Bretóníu. Frá Íslandi fóru 11 keppendur og fjórir landsliðspjálfarar, þau Ásmundur, Ingibergur, Marín og Ólafur. Með hópnum fóru María Carmen Magnúsdóttir, fararstjóri, Guðmundur Stefán Gunnarsson, forseti FILC, og Magnús Jens

Sigurjónsson. Atli Már Sigmarsson fór á mótið sem dómari í Gouren. Íslensku keppendurnir náðu afar góðum árangri, Liðið vann til 13 verðlauna, þar af 7 gullverðlauna, 4 silfurverðlauna og 2 bronsverðlauna. Hér fyrir neðan eru úrslit íslensku keppendanna.

Nafn keppanda	Backhold	Gouren	Flokkur
Benóní Meldal Kristjánsson	4. sæti	4. sæti	Undir 68 kg unglunga kk
Elín Eik Guðjónsdóttir	1. sæti	2. sæti	Yfir 70 kg unglunga kvk
Gunnar Freyr Þórarinnsson	4. sæti	5. sæti	Yfir 100 kg kk
Gústaf Sæland	6. sæti	6. sæti	Undir 74 kg kk
Hákon Gunnarsson	1. sæti	1. sæti	Yfir 90 kg unglunga kk
Heiðrún Fjóla R. Pálsdóttir	1. sæti	2. sæti	Yfir 80 kg kvk
Jana Lind Ellertsdóttir	3. sæti	3. sæti	Undir 63 kg kvk
Jóhanna Vigdís Pálmadóttir	2. sæti	1. sæti	Yfir 70 kg unglunga kvk
Jóhannes R. Pálsson	-	-	Undir 90 kg unglunga kk
Kristín Embla Guðjónsdóttir	1. sæti	1. sæti	Undir 80 kg kvk
Ægir Már Baldvinsson	4. sæti	2. sæti	Undir 68 kg kk

Jana Lind Ellertsdóttir



EM hópurinn.

**Utanríkisnefnd tilnefnd af stjórn sem kjörin var 28. september 2025:**

Sigurjón Leifsson, formaður  
Lambi Haraldsson

Hlutverk nefndarinnar á skipunartíma er aðeins öðruvísi en hefur verið undanfarin ár.

Vegna fjárhagsvanda Glímusambandsins var ákveðið að taka ekki þátt í neinum keppnis- eða sýningarferðum erlendis, þar sem GLÍ þyrfti að leggja út fyrir einhverjum kostnaði.

Eitt fyrsta verk nefndarinnar var að fara að samþykkt Glímuþings og óska eftir að Glímusambandið verði tekið af lista yfir umsóknaraðila að World Ethnosport sem stjórn GLÍ hafði sótt um aðild að og var í ferli hjá þessum samtökum. Eins og fram kom á Glímuþingi í september 2025, er íþróttasamböndum innan ÍSÍ óheimilt að sækja um og ganga í erlend samtök án samþykkis ÍSÍ. Ekki hafði verið leitað samþykkis hvorki á Glímuþingi, sem er æðsta yfirvald um Glímu, né heldur hjá ÍSÍ. Ekkert svar barst frá samtökunum, en Glímusambandið var fjarlæggt af heimasíðu þess í kjölfar bréfsins.

Nokkur samskipti hafa verið við Keltneska fangbragðasambandið og var aðalfundur þess haldinn 20. febrúar 2026. Þátt tók af hálfu GLÍ, Atli Már Sigmarsson, en fundurinn var fjarfundur. Lög Keltneska fangbragðasambandsins eru á þremur tungumálum, frönsku, ensku og spænsku. Ef það er vilji Glímuþings að GLÍ verði áfram aðili að samtökunum, þarf að þýða löggin einnig á íslensku.

Allmörg skilaboð og fyrirspurnir berast frá einstaklingum þar sem beðið er um aðstoð við að komast til Íslands til keppni og þjálfunar í glímu. Allar þessar fyrirspurnir eru vegna aðila frá löndum utan Evrópska efnahagssvæðisins, t.d. Nígeríu, Rússlandi og Egyptalandi. Þegar þessum fyrirspurnum er svarað á þann hátt að ekki sé neina peninga að hafa og GLÍ geti ekki aðstoðað við að fá vegabréfsáritun, er yfirleitt ekki meiri áhugi frá fyrirspyrjendum.

## Ársskýrsla Glímudómarafélags Íslands

Það var nóg að gera hjá glímudómurum á árinu 2025. Helstu verkefni stjórnar á árinu voru sem fyrr að skipa dómnefnd á landsmót GLÍ, og héraðs- og innanfélagsmót ef þess var óskað. Nýjir dómarar héldu áfram að stíga upp í efri flokka og fjölgaði m.a. í hópi A-dómara á árinu. Hlutur kvenna í dómarastarfinu hélt áfram að aukast á árinu. Hæst ber þá að geta að báðir yfirdómarar í Íslandsglímunninni voru konur, og er það í fyrsta sinn sem það gerist. Þetta geta bara talist jákvæð tíðindi fyrir alla sem koma að glímuhreyfingunni.

Hér má aðeins minnst á hugleiðingar formanns um hlutverk dómara á glímumótum. Ábyrgð þeirra er mikil þar sem þeir eru einnig fyrirmyndir; fyrir keppendur, þjálfara og áhorfendur. Góð samskipti milli dómara og þátttakanda geta þannig skipt sköpum um jákvæð viðhorf til allra aðila.

Stjórn GDÍ hvetur alla sem hafa áhuga á að kynna sér störf dómara að spyrjast fyrir um næstu námskeið, hvort sem það eru keppendur, þjálfarar eða aðrir sem hafa áhuga. Síminn hjá formanni er alltaf opinn fyrir góðum ábendingum.

Við viljum að lokum þakka fyrir gott samstarf á liðnu ári og væntum þess að eiga áfram ánægjulega samvinnu við alla glímumenn.

Atli Már Sigmarsson

Formaður Glímudómarafélags Íslands

# Dómaratal 2026

Gildir 01.01.2026 – 31.12.2026

## A dómarar í glímu 2026

Atli Már Sigmarsson, Reyðarfirði  
Eva Dögg Jóhannsdóttir, Reykjavík  
Garðar Erlendsson, Reykjavík  
Jón M. Ívarsson, Reykjavík  
Kjartan Lárusson, Laugardal  
Kristín Embla Guðjónsdóttir, Reykjavík  
Margrét Rún Rúnarsdóttir, Kanada

Ólafur Oddur Sigurðsson, Selfossi  
Rögnvaldur Ólafsson, Reykjavík  
Sigurjón Leifsson, Reykjavík  
Stefán Geirsson, Flóahreppi  
Svana Hrönn Jóhannsdóttir Borgarnesi  
Þorvaldur Þorsteinsson, Reykjavík

## B dómarar í glímu 2026

Hjörtur Elí Steindórsson, Reyðarfirði

Kristinn Guðnason, Holtum

## C dómarar í glímu 2026

Jana Lind Ellertsdóttir, Laugarvatni

Þórður Páll Ólafsson, Reyðarfirði

## D dómarar í glímu 2026

Ásgeir Víglundsson, Reykjavík  
Guðjón Magnússon, Reyðarfirði  
Guðmundur St Gunnarsson, Njarðvík  
Hákon Óli Sigurðsson, Ísafirði  
Helgi Bjarnason, Reykjavík  
Helgi Kjartansson, Reykholti

Jóhanna Vigdís Pálmadóttir, Búðardal  
Marín Laufey Davíðsdóttir, Reyðarfirði  
Marínó Hákonarson, Ísafirði  
Óttar Ottósson, Reykjavík  
Sindri Freyr Jónsson, Kópavogi  
Þórður Guðmundsson, Reyðarfirði

## E - dómaraskírteini í glímu 2026

Hákon Gunnarsson, Reyðarfirði  
Ólafur Elí Magnússon, Hvolsvelli

Snjólfur Björgvinsson, Reyðarfirði  
Snær Seljan Þóroddsson, Reykjavík

# Glímufólk ársins

## Glímufólk ársins 2025

Þau Kristín Embla Guðjónsdóttir og Hákon Gunnarsson eru glímukona og glímumaður ársins 2025. Þau keppa bæði fyrir Umf. Val á Reyðarfirði undir merkjum UÍA.



### **Kristín Embla Guðjónsdóttir, UÍA**

Kristín Embla er glímukona ársins í fjórða sinn. Hún vann Íslandsglímuna og hlaut þar með sæmdartílinn Glímudrottning Íslands í fjórða sinn. Hún vann þar að auki bæði Bikarglímu og Haustmót í sínum þyngdarflokki og opnum flokki kvenna.

Hún stóð sig einnig vel fyrir utan landsteinana. Þar má nefna Opna Bretónska meistaramótið í Backhold þar sem hún hafnaði í öðru sæti, Evrópumeistaramótið í keltneskum fangbrögðum þar sem hún sigraði sinn þyngdarflokk í bæði Backhold og Gouren. Einnig fór hún til Bretlands að keppa í backhold, þar sem hún stóð sig með sæmdum. Kristín Embla hefur verið lengi í toppþáttunni í kvennaflokki og er fyrirmyndar íþróttamanneskja, jafnt innan vallar sem utan.

### **Hákon Gunnarsson, UÍA**

Hákon er glímumaður ársins í annað sinn. Hann vann Íslandsglímuna og hlaut þar með sæmdartílinn Glímukóngur ársins í fyrsta sinn á árinu. Hann sigraði á Íslandsmeistaramóti og Bikarmóti í og unglíngaflokki, sínum þyngdarflokki og opnum flokki karla. Á Haustmóti vann hann sinn þyngdarflokk og opinn flokk karla.

Hann lét einnig til sín taka utan landsteinanna. Þar er hægt að segja frá því að Hákon varð þriðji á Opna Bretónska mótinu í backhold. Á Evrópumeistaramóti unglíngna í keltneskum fangbrögðum vann Hákon tvöfaldan sigur í sínum þyngdarflokki þar sem hann vann bæði Backhold og Gouren. Hákon hefur verið einn fremsti glímumaður Íslands undanfarin ár og er fyrirmyndar íþróttamanneskja, jafnt innan vallar sem utan.

## Glímufólk ársins frá upphafi

Glímufólk ársins frá upphafi

Í lok árs 1973 tók Íþróttablaðið upp á þeirri nýbreytni að standa fyrir vali íþróttamanns ársins í hverri íþróttagrein, birta myndir og umsagnir um þá í 1. tbl. hvers árs. Með bréfi, dags. 21. des. 1973 fór Íþróttablaðið þess á leit við stjórn GLÍ að hún annaðist val á glímumanni ársins 1973. Hér fyrir neðan má sjá lista yfir þau sem hafa verið útnefnd glímufólk ársins og einnig þau félög sem hafa átt glímufólk ársins:

### Glímufólk ársins

2025 Hákon Gunnarsson, UÍA og Kristín Embla Guðjónsdóttir, UÍA  
 2024 Hákon Gunnarsson, UÍA og Marín Laufey Davíðsdóttir, HSK  
 2023 Einar Eypórsson, Mývetningi og Kristín Embla Guðjónsdóttir, UÍA  
 2022 Einar Eypórsson, Mývetningi og Kristín Embla Guðjónsdóttir, UÍA  
 2021 Ásmundur Hálfván Ásmundsson, UÍA og Heiðrún Fjóra Pálsdóttir, UMFN  
 2020 Ekki kosið  
 2019 Ásmundur Hálfván Ásmundsson, UÍA og Marín Laufey Davíðsdóttir, HSK  
 2018 Ásmundur Hálfván Ásmundsson, UÍA og Kristín Embla Guðjónsdóttir, UÍA  
 2017 Ásmundur Hálfván Ásmundsson, UÍA og Marín Laufey Davíðsdóttir, HSK  
 2016 Ásmundur Hálfván Ásmundsson, UÍA og Marín Laufey Davíðsdóttir, HSK  
 2015 Sindri Freyr Jónsson, KR og Eva Dögg Jóhannsdóttir, UÍA  
 2014 Pétur Eypórsson, Ármanni og Eva Dögg Jóhannsdóttir, UÍA  
 2013 Pétur Eypórsson, Ármanni og Marín Laufey Davíðsdóttir, HSK  
 2012 Pétur Eypórsson, Ármanni og Marín Laufey Davíðsdóttir, HSK  
 2011 Pétur Eypórsson, Ármanni og Marín Laufey Davíðsdóttir, HSK  
 2010 Pétur Eypórsson, Ármanni og Marín Laufey Davíðsdóttir, HSK  
 2009 Pétur Eypórsson, Ármanni og Svana Hrönn Jóhannsdóttir, GFD  
 2008 Pétur Eypórsson, KR og Svana Hrönn Jóhannsdóttir, GFD  
 2007 Pétur Eypórsson, KR og Svana Hrönn Jóhannsdóttir, GFD  
 2006 Pétur Eypórsson, KR og Svana Hrönn Jóhannsdóttir, GFD  
 2005 Pétur Eypórsson, KR og Sólveig Rós Jóhannsdóttir, GFD  
 2004 Pétur Eypórsson, KR og Sólveig Rós Jóhannsdóttir, GFD  
 2003 Ólafur Oddur Sigurðsson, HSK og Inga Gerða Pétursdóttir, HSP  
 2002 Ólafur Oddur Sigurðsson, HSK og Inga Gerða Pétursdóttir, HSP  
 2001 Pétur Eypórsson, Víkverja og Hildigunnur Káradóttir, HSP  
 2000 Ingibergur Jón Sigurðsson, Víkverja og Inga Gerða Pétursdóttir, HSP  
 1999 Ingibergur Jón Sigurðsson, Víkverja og Inga Gerða Pétursdóttir, HSP  
 1998 Ingibergur Jón Sigurðsson, Víkverja og Inga Gerða Pétursdóttir, HSP  
 1997 Ingibergur Jón Sigurðsson, Víkverja  
 1996 Arngeir Friðriksson, HSP  
 1995 Ingibergur Jón Sigurðsson, Ármanni  
 1994 Skarphéðinn Orri Björnsson, KR  
 1993 Jóhannes Sveinbjörnsson, HSK

1992 Jóhannes Sveinbjörnsson, HSK  
1991 Ólafur Haukur Ólafsson, KR  
1990 Ólafur Haukur Ólafsson, KR  
1989 Ólafur Haukur Ólafsson, KR  
1988 Ólafur Haukur Ólafsson, KR  
1987 Eyþór Pétursson, HSP  
1986 Ólafur Haukur Ólafsson, KR  
1985 Ólafur Haukur Ólafsson, KR  
1984 Pétur Yngvason, HSP  
1983 Jón Egill Unndórsson, KR  
1982 Pétur Yngvason, HSP  
1981 Ingi Þór Yngvason, HSP  
1980 Pétur Yngvason, HSP  
1979 Ólafur Haukur Ólafsson, KR  
1978 Eyþór Pétursson, HSP  
1977 Guðmundur Freyr Halldórsson, Ármanni  
1976 Ingi Þór Yngvason, HSP  
1975 Pétur Yngvason, Víkverja  
1974 Hjálmur Sigurðsson, Víkverja  
1973 Sigurður Jónsson, Víkverja

### **Félögin**

Frá HSP/Mývetningi: 17, KR: 15, UÍA: 13, HSK: 12, Víkverja: 8, Ármanni: 8, GFD: 6,  
UMFN: 1

## Efnilegasta glímufólkið

### Efnilegasta glímufólkið 2025

Stjórn Glímusambands Íslands ákvað að útnefna þau Mattías Örn Kristinsson, UÍA, og Maju Peta, UÍA, sem efnilegasta glímufólkið árið 2025.



#### **Mattías Örn Kristinsson, UÍA**

Mattías Örn er efnilegur glímumaður sem hefur sýnt miklar framfarir á undanförunum misserum. Hann hefur verið duglegur að taka þátt á mótum á vegum GLÍ. Mattías Örn er metnaðarfullur íþróttamaður sem á framtíðina fyrir sér í glímu.



#### **Maja Peta, UÍA**

Maja Peta er efnileg glímukona. Hún hefur tekið þátt á mótum GLÍ með góðum árangri og staðið sig vel. Maja er fyrirmynd fyrir aðrar glímustelpur, bæði innan vallar sem utan og spennandi verður að fylgjast með henni í framtíðinni.

## Efnilegasta glímufólkið frá upphafi

Árið 1986 útnefndi Glímusambandið efnilegasta glímumanninn í fyrsta sinn. Árið 1998 var í fyrsta sinn valin samtímis efnilegasti glímumaðurinn og efnilegasta glímukonan. Hér fyrir neðan má sjá listann yfir þá sem hafa verið valdir efnilegastir af Glímusambandinu í gegnum árin og auk þess hvaða félög hafa átt flesta í þeim hópi.

### **Efnilegasta glímufólkið**

2025 Mattías Örn Kristinsson, UÍA og Maja Peta, UÍA  
2024 Þórhallur Karl Ásmundsson, UÍA og Sandra Dögg Kjartansdóttir, UÍA  
2023 Benóní Meldal Kristjánsson, GFD og Alexandra Agla Jónsdóttir, GFD  
2022 Þórður Páll Ólafsson, UÍA og Elín Eik Guðjónsdóttir, UÍA  
2021 Hákon Gunnarsson, UÍA og Jóhanna Vigdís Pálmadóttir, GFD  
2020 Ekki kosið  
2019 Ingólfur Rögnvaldsson, UMFN og Amelía Sól Jóhannesdóttir, UÍA  
2018 Gunnar Örn Guðmundsson, UMFN og Fanney Ösp Guðjónsdóttir, UÍA  
2017 Kjartan Mar Garski Ketilsson, UÍA og Marta Lovísa Kjartansdóttir, UÍA  
2016 Halldór Matthías Ingvarsson, UMFN og Kristín Embla Guðjónsdóttir, UÍA  
2015 Jón Gunnþór Þorsteinsson, HSK og Jana Lind Ellertsdóttir, HSK  
2014 Bjarni Darri Sigfússon, UMFN og Bylgja Rún Ólafsdóttir, UÍA  
2013 Þorgils Kári Sigurðsson, HSK og Guðrún Inga Helgadóttir, HSK  
2012 Birkir Örn Stefánsson, Herði og Margrét Rún Rúnarsdóttir, Herði  
2011 Einar Eypórsson, Mývetningi og Eva Dögg Jóhannsdóttir, UÍA  
2010 Ásmundur Hálfván Ásmundsson, UÍA og Marín Laufey Davíðsdóttir, HSK  
2009 Hjalti Þórarinn Ásmundsson, UÍA og Guðbjört Lóa Þorgrímsdóttir, GFD  
2008 Bjarni Þór Gunnarsson, HSP og Laufey Frímansdóttir, UÍA  
2007 Stígur Berg Sophusson, Herði og Sýlvía Ósk Sigurðardóttir, HSP  
2006 Sindri Freyr Jónsson, UÍA og Eva Dröfn Ólafsdóttir, KR  
2005 Þór Kárason, HSP og Ragnheiður Jara Rúnarsdóttir, UÍA  
2004 Pétur Þórir Gunnarsson, HSP og Harpa Bergþórsdóttir, HSK  
2003 Guðmundur Þór Valsson, UÍA og Elisabeth Patriarca, HSK  
2002 Snær Seljan Þóroddsson, UÍA og Sólveig Rós Jóhannsdóttir, GFD  
2001 Guðni Jensson, HSK og Svana Hrönn Jóhannsdóttir, GFD  
2000 Daníel Pálsson, HSK og Hugrún Geirsdóttir, HSK  
1999 Pálmi Hjaltason, KR og Hildigunnur Káradóttir, HSP  
1998 Andri Leó Egilsson, HSK og Soffía Björnsdóttir, HSP  
1997 Inga Gerða Pétursdóttir, HSP  
1996 Stefán Geirsson, HSK  
1995 Ólafur Helgi Kristjánsson, HSP  
1994 Katrín Ástráðsdóttir, HSK  
1993 Lárus Kjartansson, HSK  
1992 Karólína Ólafsdóttir, HSK  
1991 Ólafur Oddur Sigurðsson, HSK  
1990 Jóhann Reynir Sveinbjörnsson, HSK  
1989 Tryggvi Héðinsson, HSP

1988 Ingibergur Sigurðsson, Víkverja  
1987 Jóhannes Sveinbjörnsson, HSK  
1986 Arngeir Friðriksson, HSP

**Félögin**

Frá UÍA: 21, HSK: 18, HSP/Mývetningi: 11, KR: 2, GFD: 6, UMFN: 4,  
Herði: 3, Víkverja: 1

# Glímueldhugi

## Glímueldhugi 2025



Stjórn GLÍ ákvað að útnefna Atla Má Sigmarsson sem glímueldhuga ársins 2025.

Atli Már hefur verið meðal fremstu dómara Íslands síðustu ár auk þess sem hann er núverandi formaður Glímudómarafélags Íslands og hefur verið síðustu ár. Þar hefur hann meðal annars staðið fyrir dómaramámskeiðum og undir hans stjórn síðustu ár hafa margir ungir og efnilegir dómarar stigið fram.

Atli hefur stutt sérstaklega við konur sem dómara og sem m.a. er hægt að sjá á því að meðan hann hefur verið formaður hafa fjórar konur náð upp í hóp A-dómara. Atli Már er góð fyrirmynd og augljóst er að hann brennur fyrir glímustarfinu.

## Glímueldhugar frá upphafi

Atli Már Sigmarsson, 2025

Kjartan Lárusson, 2024

## Heiðursviðurkenningar GLÍ

### Silfurmerki GLÍ

**Atli Már Sigmarsson** hlaut silfurmerki sambandsins fyrir áratuga starf í þágu glímunnar. Hann sat í stjórn Glímusambandsins frá 2011-2015.

Atli Már hefur verið dómari síðan 2005 og fór strax að láta til sín taka á landsmótum. Hann hlaut A-réttindi landsdómara 2011 og hefur síðan verið meðal fremstu dómara landsins. Atli Már tók svo við formennsku Glímudómarafélags Íslands árið 2022. Hann hefur verið ötull við að fjölga dómurum, til dæmis með því að halda dómaranámskeið og í kjölfarið hefur töluvert bæst við í hópi dómara síðustu ár.

### Bronsmerki GLÍ

**Ásmundur Hálfván Ásmundsson** hlaut bronsmerki sambandsins fyrir áralangt starf í þágu glímunnar. Ásmundur sat í stjórn Glímusambandsins 2019-2021 og hefur gegnt ýmsum trúnaðarstörfum fyrir sambandið. Ásmundur varð glímukóngur Íslands sex ár í röð 2016-2022 (2020 undanskilið vegna Covid). Þar með skipaði hann sér sess á meðal sigursælustu glímumanna Íslands fyrir og síðar.

Hann hefur þar þess utan farið margar ferðir í tengslum við Keltneska fangbragðasambandið o.fl., bæði sem keppandi og þjálfari og margsinnis hlotið verðlaun í keppni í keltneskum fangbrögðum.



*Ásmundur Hálfván Ásmundsson tekur við bronsmerki GLÍ og Atli Már Sigmarsson tekur við silfurmerki GLÍ frá Þóroddi Helgasyni, heiðursfélagi GLÍ.*

### **Pétur Þórir Gunnarsson og Gunnar Brynjarsson**

hlutu bronsmerki sambandsins fyrir áralangt starf í þágu glímunnar.

Þeim feðgum, Gunnari Brynjarssyni og Pétri Gunnarssyni, var veitt bronsmerki GLÍ á afmælishófi GLÍ sem fór fram á Skútustöðum.

Pétur Þórir æfði glímu frá unga aldri og var mjög sigursæll glímumaður. Hann var oft meðal efstu manna á Íslandsglímu og hlaut hann til að mynda Grettisbeltið árið 2008.

Gunnar Brynjarsson var mikill stuðningsmaður glímunnar á Mývatni og var óþreyttur að keyra keppendum landshorna á milli.

Þeir feðgar eru vel að þessu komnir og löngu tímabært að veita þeim viðurkenningu.



*Pétur Þórir Gunnarsson, Rögnvaldur Ólafsson og Gunnar Brynjarsson í 60 ára afmælishófi GLÍ sem fór fram á Skútustöðum.*

## Heiðursviðurkenningar frá upphafi

### Heiðursfélagar GLÍ:

Sigurður Greipsson, 1965  
Jón Þorsteinsson, 1965  
Kjartan B. Guðjónsson, 1982  
Ágúst H. Kristjánsson, 1982  
Þorsteinn Einarsson, 1986  
Ármann J. Lárusson, 2004  
Hörður Gunnarsson, 2004  
Sigtryggur Sigurðsson, 2005  
Rögnvaldur Ólafsson, 2009  
Garðar Erlendsson, 2014  
Þorvaldur Þorsteinsson, 2014  
Jón M. Ívarsson, 2020  
Kjartan Lárusson, 2021  
Sigurjón Leifsson, 2021  
Sigmundur Stefánsson, 2021  
Þóroddur Helgason, 2022  
Kristinn Guðnason, 2024  
Jóhann Pálmason, 2024

### Gullmerki GLÍ:

Kjartan B. Guðjónsson, 1971  
Þorsteinn Kristjánsson, 1971  
Þorsteinn Einarsson, 1971  
Sigurður Ingason, 1975  
Aðalsteinn Í. Eiríksson, 1975  
Lárus Salómonsson, 1975  
Ágúst H. Kristjánsson, 1980  
Elías Árnason, 1980  
Björn Yngvason, 1980  
Ólafur Guðlaugsson, 1980  
Sigurður Brynjólfsson, 1985  
Þráinn Þórisson, 1985  
Guðmundur Ágústsson, 1987  
Gunnlaugur J. Briem, 1987  
Hafsteinn Þorvaldsson, 1988  
Rögnvaldur R. Gunnlaugsson, 1988  
Hörður Gunnarsson, 1990  
Valdimar Óskarsson, 1992  
Ólafur H. Óskarsson, 1994  
Sveinn Guðmundsson, 1997  
Rögnvaldur Ólafsson, 1999  
Arngrímur Geirsson, 2004  
Eysteinn Sigurðsson, 2004  
Haukur Aðalgeirsson, 2004  
Þorvaldur Þorsteinsson, 2004  
Gísli Guðmundsson, 2004  
Garðar Erlendsson, 2004

Kjartan Lárusson, 2005  
Pétur Yngvason, 2005  
Kristján Yngvason, 2005  
Þóroddur Helgason, 2008  
Eypór Pétursson, 2008  
Jón M. Ívarsson, 2009  
Sigmundur Stefánsson, 2010  
Kristinn Guðnason, 2010  
Sigurjón Leifsson, 2012  
Jóhann Pálmason, 2012  
Helgi Bjarnason, 2014  
Ásmundur Ásmundsson, 2015  
Ásgeir Sævar Víglundsson, 2015  
Ólafur Oddur Sigurðsson, 2023  
Stefán Geirsson, 2024

### Silfurmerki GLÍ:

Pétur Sigurðsson, 1975  
Arngrímur Geirsson, 1985  
Gísli Guðmundsson, 1985  
Guðmundur Freyr Halldórsson, 1985  
Ingvi Guðmundsson, 1985  
Sigurður Geirdal, 1985  
Þorvaldur Þorsteinsson, 1985  
Albert Halldórsson, 1988  
Guðmundur Steindórsson, 1988  
Hafsteinn Steindórsson, 1988  
Sigurður Steindórsson, 1988  
Eysteinn Sigurðsson, 1994  
Haukur Aðalgeirsson, 1994  
Páll Aðalsteinsson, 1995  
Rúnar Guðmundsson, 1995  
Garðar Erlendsson, 1995  
Sigurður Sigurjónsson, 1995  
Hilmar Bjarnason, 1995  
Kristján Yngvason, 1995  
Sigurður Jónsson, 1995  
Pétur Yngvason, 1995  
Hjálmur Sigurðsson, 1999  
Kjartan Lárusson, 2000  
Kristinn Guðnason, 2000  
Hjörleifur Pálsson, 2000  
Þóroddur Helgason, 2000  
Eypór Pétursson, 2004  
Hjörleifur Sigurðarson, 2004  
Ingi Þór Yngvason, 2004  
Jón Egill Unndórsson, 2004  
Jón M. Ívarsson, 2004

Kjartan Helgason, 2004  
Helgi Bjarnason, 2004  
Ólafur Haukur Ólafsson, 2004  
Ásgeir Víglundsson, 2004  
Halldór Konráðsson, 2004  
Sigurjón Leifsson, 2004  
Árni Unnsteinsson, 2005  
Ingólfur Narfason, 2005  
Jóhann Pálmason, 2005  
Ólafur Elí Magnússon, 2005  
Helgi Kjartansson, 2010  
Jón Birgir Valsson, 2012  
Stefán Geirsson, 2020  
Óttar Ottósson, 2024  
Atli Már Sigmarsson, 2025

**Bronsmerki GLÍ:**

Garðar Erlendsson, 1985  
Eiríkur Þorsteinsson, 1985  
Guðmundur Ólafsson, 1985  
Gunnar J. Ingvarsson, 1985  
Kristján Yngvason, 1985  
Sigurður Jónsson, 1985  
Elías Pálsson, 1988  
Eypór Pétursson, 1988  
Halldór Konráðsson, 1988  
Hjálmur Sigurðsson, 1988  
Jón E. Unndórsson, 1988  
Kjartan Helgason, 1988  
Már Sigurðsson, 1988  
Pétur Yngvason, 1988  
Sigurjón Leifsson, 1988  
Hreinn Erlendsson, 1990  
Árni Unnsteinsson, 1990  
Árni Þór Bjarnason, 1995  
Hjörleifur Pálsson, 1995  
Helgi Bjarnason, 1995  
Marteinn Magnússon, 1995  
Kjartan Lárusson, 1995  
Jón M. Ívarsson, 1995  
Þóroddur Helgason, 1995  
Ásgeir Víglundsson, 1995

Ólafur H. Ólafsson, 1995  
Hjörtur Þráinsson, 1995  
Magnús Jónasson, 2000  
Ingólfur Narfason, 2000  
Ragnar Jóhannsson, 2000  
Jóhann Pálmason, 2000  
Ólafur Elí Magnússon, 2000  
Þórunn D. Oddsdóttir, 2001  
Arngrímur Jónsson, 2004  
Jóhanna Njálisdóttir, 2004  
Lárus Björnsson, 2004  
Yngvi Ragnar Kristjánsson, 2004  
Engilbert Olgeirsson, 2004  
Arngeir Friðriksson, 2004  
Jóhanna Kristjánsdóttir, 2004  
Jóhannes Sveinbjörnsson, 2004  
Helgi Kjartansson, 2005  
Ingibergur J. Sigurðsson, 2005  
Ólafur Oddur Sigurðsson, 2005  
Sabína Steinunn Halldórsdóttir, 2005  
Torfi Pálsson, 2005  
Óttar Ottósson, 2005  
Valgeir Halldórsson, 2005  
Valdimar Gunnarsson, 2007  
Hermann Nielsson, 2008  
Stefán Geirsson, 2010  
Skarphéðinn Orri Björnsson, 2012  
Snær Seljan Þóroddsson, 2012  
Jóhannes Pétur Héðinsson, 2015  
Atli Már Sigmarsson, 2015  
David Lundholm, 2015  
Frazer Hirsch, 2018  
Guðmundur Stefán Gunnarsson, 2020  
Guðjón Magnússon, 2021  
Guðbjört Lóa Þorgrímsdóttir, 2024  
Hjörtur Elí Steindórsson, 2024  
Marín Laufey Davíðsdóttir, 2024  
Þuríður Haraldsdóttir, 2024  
Pétur Þórir Gunnarsson, 2025  
Gunnar Brynjarsson, 2025  
Ásmundur Hálfðán Ásmundsson, 2025

## Glímumót og keppendur

### Glímumót

Glímusambandið stóð fyrir sex glímumótum á árinu 2025 og fóru þau öll vel fram. Hér á eftir fylgir tafla yfir keppendur á glímumótum 2025. Einnig er talinn upp fjöldi keppenda sem er lagður til grundvallar fjölda fulltrúa á ársþing GLÍ 2025 og fulltrúafjöldi sambandsaðila.

Samband	Iðkendur skv. ÍSÍ	Keppendur	v/þing	Héraðsmót	Fulltrúar
HSK	70	81	32	1	9
HSP	0				1
ÍBA/KA	0	1	1		1
ÍBR	11	11	6		3
UDN/GFD	30	8	5		2
UÍA	28	23	16	1	6
UMSS	0	1	1		1
<b>Samtals</b>	<b>139</b>	<b>125</b>	<b>61</b>	<b>2</b>	<b>23</b>

### Keppendur í glímu 2025

Samanlagður fjöldi keppenda í glímu 2025. Glímusambandsmót, fjórðungsglímur fullorðinna og Skjaldarglíma Ármanns telja til Glímupings. Keppendur í glímu 2025 voru 125 talsins.

#### Ármann 0/1

Snær Seljan Þóroddsson

Guðjón Óli Inguson

HSK

Guðmundur Ársælsson

HSK

Gústaf Sæland

HSK

#### HHF 0/1

Daníel Már Ólafsson

Hallgrímur Ragnar Hilmarsson

HSK

Héðinn Bjarni Antonsson

HSK

Heiðrún Fjóla R. Pálsdóttir

HSK

#### HSK 32/79

Amelía Dröfn Hákonardóttir

HSK

Heimir Árni Erlendsson

HSK

Ármann Þorri Þórsson

HSK

Ingvar Máni Bjarnason

HSK

Ásgeir Ómar Eyvindsson

HSK

Ísold Eglu Guðjónsdóttir

HSK

Ásgerður Saga Stefánsdóttir

HSK

Jana Lind Ellertsdóttir

HSK

Böðvar Snær Jóhannsson

HSK

Jens Heiðar Guðnason

HSK

Brynjar Máni Hafsteinsson

HSK

Jóhannes Pálsson

HSK

Egill Freyr Traustason

HSK

Kristín María Sigurðardóttir

HSK

Greipur Guðni Hilmarsson

HSK

Lúkas Týr Sigurðsson

HSK

Margrét Tryggvadóttir

HSK

Matthías Magnússon	HSK	Kristján Eyberg Arnarsson	
Ólafur Þrastarson	HSK	Kristjana María Sigurðardóttir	
Runólfur Mar Þorkelsson	HSK	Magnús Rúnar Traustason	
Sæþór Jóhannsson	HSK	Máni Bjarnason	
Torfi Guðjón Nilsson	HSK	Michał Dmytryszyn	
Viktoría Alba Guðmundsdóttir	HSK	Ólöf Bergrós Jónasdóttir	
Viktoría Rún Elíasdóttir	HSK	Saga Ársælsdóttir	
Þórarinn Breki Þórsson	HSK	Skarphéðinn Ingi Sveinsson	
Þorsteinn Leó Jónsson	HSK	Snæbjörn Snorri Jónsson	
Alex Nastase		Steinunn Lilja Jóhannesdóttir	
Anna Lára Helgadóttir		Svala Ingibjörg Guðmundsd.	
Aron Logi Davíðsson		Vedís Daníelsdóttir	
Ásdís Erla Helgadóttir		Víkingur Karl Línason	
Askur Óðinsson		Viktor Ver Sigurðsson	
Birna Bjarkadóttir		Vlerit Saenpanya	
Bjartur Óðinsson		Yrja Rós Árnadóttir	
Björgvin Guðni Sigurðsson		Þorleifur Máni Guðjónsson	
Breki Már Helgason			
Bríet Klara Örvarsdóttir		<b>ÍBR 0/1</b>	
Dagur Steinn Daníelsson		Agnes Ingunn Steinsdóttir	
Embla Einarsdóttir			
Emilía Kristín Sigurðardóttir		<b>ÍRB 0/1</b>	
Ernir Eyfjörð		Heiða Dís Helgadóttir	
Eyþór Ingi Ástvaldsson			
Fjölur Eyfjörð Ottósson		<b>KA 1/1</b>	
Fjölur Páll Guðmarsson		Samir Ómar Jónsson	KA
Freydís María Guðmarsdóttir			
Gabriel Gunnarsson		<b>KR 6/11</b>	
Gestheiður Oddsdóttir		Alexander Beck	KR
Guðjón Ingi Guðlaugsson		Breki Bjarkarson	KR
Halldór Steinar Benjamínsson		Guðjón Óli Inguson	KR
Haukur Jónsson		Gunnar Freyr Þórarinsson	KR
Hilma Fanney Línadóttir		Gústaf Sæland	KR
Hrafnar Leósson		Þórður Páll Ólafsson	KR
Hrafnhildur Sif Sölvadóttir		Alexander Þór Bjarkarson	
Hreinn Heiðar Jóhannsson		Ásgeir S. Víglundsson	
Hrói Bjarnason Freyjuson		Bergþór Ingason	
Ingibjörg Elín Traustadóttir		Fjölur Elvarsson	
Ingvar Máni Bjarnason		Óskar Hugi Daðason	
Jens Eyvindur Ágústsson			
Karol Glowania		<b>Sleipnir 5/6</b>	
Katrín María Óskarsdóttir		Davíð Máni Stefánsson,	
Kolbrún Ylva Daðadóttir		Sleipnir	
Kristinn Carlos Andibert			

Fenrir Frosti Guðmundsson,  
Sleipnir  
Helgi Þór Guðmundsson,  
Sleipnir  
Magnús Helgi Einarsson,  
Sleipnir  
Sigmundur Þengill Þrastarson,  
Sleipnir  
Ýmir Eldjárn Guðmundsson

**UDN/GFD 5/7**

Alexandra Agla Jónsdóttir	GFD
Benóní Meldal Kristjánsson	GFD
Jóhanna Vígdís Pálmadóttir	GFD
Zuzanna Rósa	GFD
Þórarinn Páll Þórarinsson	GFD
Jakub Rafal	
Nadía Rós Arnarsdóttir	

**UÍA 16/39**

Angela Ósk Ómarsdóttir	UÍA
Elín Eik Guðjónsdóttir	UÍA
Hafsteinn Árni Bergsteinsson	UÍA
Hákon Gunnarsson	UÍA
Hjörtur Elí Steindórsson	UÍA
Katla María Hjörleifsdóttir	UÍA
Kristín Embla Guðjónsdóttir	UÍA
Maja Peta	UÍA

Mattías Örn Kristinsson	UÍA
Sandra Dögg Kjartansdóttir	UÍA
Sigurbjörn Leó Marinósson	UÍA
Snjólfur Björgvinsson	UÍA
Zuzanna Spsychala	UÍA
Þórður Páll Ólafsson	UÍA
Þórður Vilberg Guðmundsson	UÍA
Þórhallur Karl Ásmundsson	UÍA
Anna Guðlaug Gunnbjörnsdóttir	
Bergrós Björt Frostadóttir	
Hallgrímur Ketilsson	
Heiðar Helgi Sveinsson	
Leví Máni Kristjánsson	
Ragnheiður Helga Ásmundsdóttir	
Rúnar Leó Tryggvason	
Svava Valrós Ásmundsdóttir	
Valgerður Hansa Jónsdóttir	
Viktoría Von Davíðsdóttir	

**UMSE 0/3**

Amelía Björt Stefánsdóttir	
Haukur Skúli Óttarsson	
Þórarinn Karl Hermannsson	

**UMSS 1/1**

Gunnar Freyr Þórarinsson,	
UMSS	

Fullgild rafræn undirskrift

<b>Strákar 12 ára</b>	<b>Félag</b>	<b>1</b>	<b>1</b>	<b>2</b>	<b>2</b>	<b>Vinn.</b>
1. Matthías Magnússon	Dímon	X	X	1	½	1,5
2. Guðmundur Ársællsson	Dímon	0	½	X	X	0,5

<b>Strákar 13 ára</b>	<b>Félag</b>	<b>1</b>	<b>2</b>	<b>3</b>		<b>Vinn.</b>
1. Sæþór Jóhannsson	Dímon	X	1	1		2
2. Torfi Guðjón Nilsson	Bisk.	0	X	1		1
3. Wiktor Jeziorkowski	Dímon	0	0	X		0

<b>Strákar 14 ára</b>	<b>Félag</b>	<b>1</b>	<b>1</b>	<b>2</b>	<b>2</b>	<b>Vinn.</b>
1. Jens Eyvindur Ágústsson	Dímon	X	X	1	½	1,5
2. Ármann Þorri Þórisson	Dímon	0	½	X	X	0,5

<b>Strákar 15 ára</b>	<b>Félag</b>	<b>1</b>	<b>1</b>	<b>2</b>	<b>2</b>	<b>Vinn.</b>
1. Micha Dmitrogsezyn	Dímon	X	X	1	1	2
2. Kuba Mogczka	Dímon	0	0	X	X	0

Glímustjóri: Heimir Árni Erlendsson.  
Yfirdómari: Stefán Geirsson.

## Austurland

### Fjórðungsglíma Austurlands 2025

Aðalsteinsbikarinn fór fram þann 27. desember í gamla íþróttahúsinu á Reyðarfirði. Glímustjóri var Þóroddur Helgason, ritari var Þuríður Sigurjónsdóttir og tímavörður Þuríður Haraldsdóttir. Atli Már Sigmarsson var yfirdómari, meðdómarar voru Guðjón Magnússon og Þórður Vilberg Guðmundsson nema í karlaflokki tók Hjörtur Elí Steindórsson við af Þórði.

5.-7. bekkur stelpna	Félag	1	1	2	2	Vinn.
1. Viktoría Von Davíðsdóttir	Valur	X	X	1	1	2
2. Valgerður Hansa Jónsdóttir	Valur	0	0	X	X	0

5.-7. bekkur stráka	Félag	1	2	3	4	5	6	Vinn.
1. Sigurbjörn Leó Marinósson	Valur	X	1	1	1	1	1	5
2. Leví Máni Kristjánsson	Valur	0	X	1	1	1	1	4
3.-4. Hafsteinn Árni Bergsteinsson	Valur	0	0	X	½	1	1	2,5
3.-4. Hallgrímur Ketilsson	Valur	0	0	½	X	1	1	2,5
5. Rúnar Leó Tryggvason	Valur	0	0	0	0	X	1	1
6. Heiðar Helgi Sveinsson	Valur	0	0	0	0	0	X	0

8.-10. bekkur stelpna	Félag	1	1	2	2	X	X	Vinn.
1. Maja Dominika Peta	Valur	X	X	1	1	0	½	2
2. Svava Valrós Ásmundsdóttir	Valur	0	0	X	X	0	0	0
X. Kristín Embla Guðjónsdóttir	Valur	1	½	1	1	X	X	-

#### Athugasemdir:

\*Kristín Embla keppti sem gestur þar sem hún var ein í kvennaflokki.

Opinn flokkur kvenna	Félag
1. Kristín Embla Guðjónsdóttir	Valur

Opinn flokkur karla	Félag	1	2	3	Vinn.
1. Hákon Gunnarsson	Valur	X	1	1	2
2. Þórhallur Karl Ásmundsson	Valur	0	X	1	1
3. Þórður Vilberg Guðmundsson	Valur	0	0	X	0

# Þinggerð 61. ársþings Glímusamband Íslands

**Haldið í Íþróttamiðstöðinni í Reykjavík 11. maí 2025, klukkan 16:00**

## Dagskrá:

1. Þingsetning
  2. Kosning starfsmanna þingsins
  3. Kosning kjörbréfanefndar
  4. Kosning nefnda:
    - a) Fjárhagsnefnd
    - b) Laganefnd
    - c) AllsherjarnefndNefndir þessar eru skipaðar þremur mönnum hver
  5. Skýrsla stjórnar:
    - a) Formanns
    - b) Gjaldkeri flytur skýrslu um fjárhag sambandsins og leggur fram endurskoðaða reikninga
  6. Ávörp gesta
  7. Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga
  8. Reikningar bornir upp til samþykktar
  9. Lögð fram fjárhagsáætlun
  10. Lagabreytingar
  11. Lagðar fram tillögur og þær teknar til umræðu
- Þinghlé**
12. Nefndaálit, tillögur og atkvæðagreiðsla um þær
  13. Afhending merkja
  14. Kosningar:
    - a) Formaður sambandsins
    - b) Fjórir aðalmenn í stjórn og þrír til vara
    - c) Tveir skoðunarmenn reikninga og einn til vara
    - d) Fulltrúa á íþróttatþing.
    - e) Þrír menn í aganefnd og þrír til vara
  15. Önnur mál
  16. Þingslit

## 1. Þingsetning

**Guðmundur Stefán Gunnarsson**, formaður GLÍ, setur þingið, 16:15 og biður öll velkomin.

## 2. Kosning starfsmanna þingsins

**Guðmundur Stefán Gunnarsson** leggur til Svönu Hrönn sem þingforseta, samþykkt með lófataki. Þingforseti tekur strax til starfa.

**Svana Hrönn** leggur til að Jana Lind Ellertsdóttir verði þingritari, samþykkt með lófataki. Ritari tekur strax til starfa.

## 3. Kosning kjörbréfanefndar

**Svana Hrönn** leggur fram tillögu um kjörbréfanefnd

Ásmundur Hálfván formaður, Jóhanna Vigdís Pálmadóttir og Kristín Embla Guðjónsdóttir. Samþykkt með lófataki.

## 4. Kosning nefnda:

**Svana Hrönn** lagði fram tillögur stjórnar að skipun þingnefnda

### a. Fjárhagsnefnd

Atli Már Sigmarsson formaður, Sigurjón Leifsson og Eva Jóhannsdóttir

### b. Laganefnd

Ólafur Oddur Sigurðsson formaður, Guðjón Magnússon og Marín Laufey Davíðsdóttir.

### c. Allsherjarnefnd

Stefán Geirsson formaður, Elín Eik Guðjónsdóttir og Ásgeir Víglundsson

## 5. Skýrsla stjórnar

### a. Formanns

**Guðmundur Stefán Gunnarsson** segir ávarp formanns, sem einnig má sjá í ársskýrslu 2024. **Svana Hrönn** þakkar Guðmundi fyrir ávarp formanns.

### b. Gjaldkeri

**Svana Hrönn** segir frá stöðu ársreiknings GLÍ og leggur til að umfjöllun og afgreiðslu ársreikninga sambandsins verði frestað þar sem þeir liggja ekki fyrir.

## Álit kjörbréfanefndar

**Ásmundur** talar f.h. kjörbréfanefndar og segir frá kjörbréfum. Fimm sambandsaðilar sendu fulltrúa á þingið. 17 fulltrúar voru mættir af þeim 19 sem höfðu rétt til að sitja þingið.

**HSK** átti rétt á að senda **5** fulltrúa á þingið og mættir voru **5** mættir:

1. Stefán Geirsson
2. Sigurður Þór Emilsson

3. Kjartan Lárússon
4. Ólafur Oddur Sigurðsson
5. Kristinn Guðnason

**ÍBR** átti rétt á að senda **2** fulltrúa á þingið og voru **2** mættir og **2** til

vara: 1. Ásgeir Víglundsson

2. Sigurjón Leifsson

Til vara

3. Helgi Bjarnason – ekki mættur
4. Óttar Ottósson
5. Rögnvaldur Ólafsson

**UDN** átti rétt á að senda **4** fulltrúa á þingið og voru **4** mættir:

1. Svana Hrönn Jóhannsdóttir
2. Jóhanna Vigdís Pálmadóttir
3. Jóhann Pálmason
4. Benóní Meldal Kristjánsson

**UÍA** átti rétt á að senda **5** fulltrúa á þingið og voru **5** mættir og **3** til

vara: 1. Guðjón Magnússon

2. Kristín Embla Guðjónsdóttir
3. Atli Már Sigmarsson
4. Eva Dögg Jóhannsdóttir
5. Þórður Páll Ólafsson

Til vara

6. Elín Eik Guðjónsdóttir
7. Hákon Gunnarsson
8. Þórhallur Karl Ásmundsson

**UMSS** átti rétt á að senda **1** fulltrúa á þingið og mættir voru **1**:

1. Gunnar Freyr Þórarinsson

**Svana Hrönn** leggur til að kjörbréf sé samþykkt. Þau eru samþykkt

einhjóða. **6. Ávörp gesta**

**Ragnheiður Ríkharðsdóttir, meðstjórnandi í framkvæmdastjórn ÍSÍ** flutti kveðju frá starfsfólki ÍSÍ og greindi frá því að hún hefði setið í framkvæmdastjórn ÍSÍ í tvö ár. Hún lýsti ánægju sinni með að fá tækifæri til að hlusta á sersamböndin og kynna sér

starf þeirra, og nefndi sérstaklega að hún hefði fræðst um glímu og sögu hennar. Hún rifjaði upp þátttöku Jóhannesar á Ólympíuleikum 1908 og minntist þess að ÍSÍ hafi verið stofnað 20. Janúar 1912

með það að markmiði að Íslendingar gætu keppt á Ólympíuleikum árið 1912 undir eigin merkjum. Ragnheiður hvatti Glímusambandið til að uppfæra reglur eftir þörfum og minnti á að lögmaður ÍSÍ væri reiðubúinn til að veita aðstoð ef á þyrfti að halda. Hún lýsti yfir vonbrigðum með að reikningar væru ekki klárir, en fullvissaði um að það yrði gengið frá þeim síðar. Þá óskaði hún Glímusambandi Íslands velfarnaðar og lýsti áhuga á fyrirhuguðu samstarfi sambandsins við Háskóla Íslands. Að lokum óskaði hún þinginu góðs gengis.

**Jón M. Ívarsson** þakkaði Ragnheiði fyrir að vekja athygli á sögu glímu og þátttöku Íslendinga í Ólympíuleikum. Hann benti á að Ungmennafélag Íslands hafi verið stofnað árið 1907, og að Jóhannes hafi farið utan árið 1908 þar sem hann keppti fyrir Dani og sýndi glímu. Hann bætti við að Sigurjón hafi bæst í hópinn árið 1912, þegar ÍSÍ hafði verið stofnað sérstaklega til að gera Íslendingum kleift að taka þátt í Ólympíuleikum sem fulltrúar Íslands.

## 7. Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga

**Kjartan Lárusson** hóf umræðuna með því að lýsa vonbrigðum sínum með að fundargerðir stjórnar og mætingar stjórnarmanna væru ekki birtar í ársskýrslunni, auk þess sem hann saknaði þess að sjá reikninga, þó þeir væru ekki samþykktir. Hann taldi nauðsynlegt að fá að sjá stöðuna eins og hún er.

**Ólafur Oddur Sigurðsson** tók næstur til máls og sagðist ánægður með að koma aftur á þing, en það væri langt síðan hann hefði síðast mætt. Hann rifjaði upp að í sinni tíð hefði ríkt óskrifuð regla um að skila alltaf hagnaði. Hann lýsti þátttöku sinni í landsliðsþjálfarateymi með Ásmundi, Marín og Ingiberg, og sagði að slíkt starf hlyti að kosta. En án afreksstarfs væri erfitt að standa undir nafni; Ísland hefði þó verið best árið 1908. Hann hrósaði góðu starfi og árangri samkvæmt skýrslu, og hvatti til samstöðu og samheldni til að bæta fjárhag. Hann greindi jafnframt frá því að formaður hefði verið beðinn um að vera sérstakur dómari á Grasmere-móti og veita verðlaun fyrir besta fangbragðamann. Formaður hafi mætt ár eftir ár og sótt fjölda viðburða bæði innanlands og erlendis.

**Kjartan Lárusson** lýsti áhyggjum sínum af erlendum samskiptum og vísaði til eignareiknings þar sem óinnheimtar kröfur námu 4,8 milljónum. Hann spurði einnig um skuldir og óskaði eftir nánari upplýsingum.

**Atli Már Sigmarsson** bætti við að kostnaður við erlendar ferðir hefði tífaldast miðað við fjárhagsáætlun.

**Jana Lind Ellertsdóttir** leiðrétti að erlendar greiðslur væru ekki tæpar 5 milljónir, heldur væri útlagður kostnaður tæpar 5 milljónir og að greiðslur keppenda til móts við þennan kostnað en það stendur ekki skýrt í ársskýrslu og segir að það væri gott að geta sett þessar tölur hlið við hlið svo ekki myndist misskilningur.

**Atli Már Sigmarsson** taldi að tapið hefði verið skuldfært og óskaði eftir nánari upplýsingum.

**Jón M. Ívarsson** rifjaði upp tíma þegar Ólafur Oddur var formaður og fjármál

sambandsins í plús og kallaði eftir útskýringum. Eins nefnir hann að í skýrslu er minnst á mótið Iceland Open Hryggspenna og segir að flestir á þinginu viti ekki hvað hryggspenna er og það þurfi að kalla hlutinu það sem þeir eru og nota frekar orðið bakhold.

**Ólafur Oddur Sigurðsson** lagði áherslu á að krifja málið og velta fyrir sér hvernig mætti leysa úr þeirri erfiðu stöðu sem uppi er, en mælti með að benda ekki fingrum á einn og að betra væri að sína samstöðu og horfa fram á veginn.

**Ásmundur Hálfðán Ásmundsson** mælti með að setja fram lið fyrir tekjur og gjöld sérstaklega fyrir erlendar ferðir.

**Atli Már Sigmarsson** spurði skýrt: „Hvar er tapið?“

**Kristinn Guðnason** sagðist ekki skilja allt, en hefði tekið sér Hörð til fyrirmyndar við vinnslu ársreikninga – hann fari ekki af stað fyrr en hann hafi fengið allar fundargerðir frá síðasta tímabili.

**Jana Lind Ellertsdóttir** fjallaði um verkefni tengd framþróun á hryggspennu, mánaðarlaun starfsmanns og að samþykkt hefði verið að hætta starfshlutfall og því fylgi hækkaður kostnaður. Hún lýsti einnig hvernig væri farið með færslur vegna erlendra ferða og þakkaði Ólafi fyrir jákvæðni.

**Stefán Geirsson** lýsti áhyggjum sínum – hann og Ási hafi fengið ársreikning stuttu fyrir þing sem ekki var samþykktur, og veltu þeir fyrir sér hvernig fjárhagurinn væri raunverulega stýrt. Hann tók þó undir með Ólafi um að horfa fram á veginn.

**Kjartan Lárusson** tók upp þráðinn og lagði til að Sigmundur Stefánsson yrði fenginn til að skoða málið nánar.

**Sigmundur Stefánsson** þakkaði Kjartani fyrir falleg orð og sagðist vera reiðubúinn til að setjast niður með framkvæmdarstjóra og fara yfir reikninga GLÍ, ef stjórn samþykkti þá hugmynd.

**Guðmundur Stefán Gunnarsson** lýsti yfir vilja stjórnar til að fá Sigmund með í þessa vinnu og baðst afsökunar á stöðunni fyrir hönd stjórnar.

## **8. Reikningar bornir upp til samþykktar**

Lagt til að þessum lið sé frestað þar til síðar – samþykkt samhljóða.

## **9. Lögð fram fjárhagsáætlun**

Lagt til að þessum lið sé frestað þar til síðar – samþykkt samhljóða.

## **10. Lagabreytingar**

**Atli Már Sigmarsson** bendir á að röng reglugerð er á heimasíðu GLÍ.

## **11. Lagðar fram tillögur og þær teknar til umræðu**

- Þinghlé -

Afmæliskaka borin fram í tilefni 60 ára afmælis Glímusambands Íslands ásamt öðrum veitingum klukkan 17:15 og hlé framlengist. Þing hófst að nýju kl. 17:58.

## 12. Nefndaálit, tillögur og atkvæðagreiðsla um þær

**Allsherjarnefnd, Stefán Geirsson** lagði til að innheimt yrði alla reikninga til félaga, spurði hvort dómgæslu þyrfti að skoða og fjölga gulum spjöldum. Hann nefnir einnig að aðgengi að mótaskrá mætti vera betra og að það yrði gott að halda þjálfaranámskeið sem hefði verið rætt á síðasta þingi.

**Laganefnd, Ólafur Oddur Sigurðsson** leggur til tillögu fyrir þing að starfsmaður sambandsins sitji ekki í stjórn GLÍ.

**Fjárhagsnefnd, Sigurjón Leifsson** segir að nefndin hafi rætt við Ragnheiði sem kemur inn á að formaður og framkvæmdarstjóri eigi ekki að vera sama manneskjan. Segir að reikningur hafi ekki verið klár og því lítið sem nefndin gæti skoðað en nefnir að nefndin mælti með að ársreikningur yrði settur skýrar upp og að þau treysti engum betur en Sigmundi til að skoða reikningana.

**Svana Hrönn** leggur til að framkvæmdarstjóri GLÍ sitji ekki í stjórn GLÍ, heldur sé starfsmaður stjórnar. Samþykkt samhljóða.

## 13. Afhending merkja og heiðursviðurkenninga

Kjartan Lárusson fær afhent glerverðlaun og blómvönd fyrir útnefninguna Glímueldhugi ársins 2024.

## 14. Kosningar:

**Kjartan Lárusson** leggur til að fresta kosningum fram til framhaldssþings. Samþykkt með 3 atkvæðum á móti.

**Guðmundur Stefán Gunnarsson** segist hafa viljað kjósa nýja stjórn á þessu þingi vegna þess að hann geti ekki setið í stjórn, eð aðila sem situr í núverandi stjórn.

**Atli Már Sigmarsson** vill fá að vita hver sú manneskja er.

**Guðmundur Stefán Gunnarsson** segir að hann hafi ekki áhuga á að starfa með Jönu Lind í stjórn.

**Jón M. Ívarsson** Segir að það sjáist að það sé mikið uppnám í stjórn og fjármálum sambandsins hreint. Sigmundur sé lykilmáður í að skoða fjármálin og leysa úr þeim málum.

**Ólafur Oddur Sigurðsson** leggur til að stefna þarf á einhvern ákveðinn tíma og ákveða tíma fyrir framhaldsþing. Setja þurfi tímamörk hvenær framhaldsþing sé.

**Kjartan Lárusson** segir að í tillögu sem eigi að samþykkja á eftir með framhaldsþing að þar verði dagsetning.

**Marín Laufey Davíðsdóttir** heldur að núverandi stjórn þurfi á nýrri stjórn að halda til að vinna úr því sem þarf að vinna.

**Atli Már Sigmarsson** leggur til að gera þinghlé og ræða þessi mál.

**Svana Hrönn** leggur til að gera þinghlé og ræða þessi mál.

10 mín þinghlé

Þing hefst að nýju kl 18:46.

**Atli Már Sigmarsson** vill gera dagskrátillögu að boða verði til framhaldsþings 10. júní og kjósa verði bráðabirgðastjórn sem starfar til framhaldsþings.

**Svana Hrönn** ber upp dagskrátillögu að borðað verði til framhaldsþings 10. júní og kjósa bráðabirgðastjórn sem starfar til framhaldsþings, sem er samþykkt.

**Eva Dögg Jóhannsdóttir** vill leggja til að Sigmundur verði bráðabirgðaformaður þar til á framhaldsþingi.

Kosning um bráðabirgðastjórn fram að framhaldsþingi:

a. Formaður

- Guðmundur Stefán Gunnarsson, samþykkt.

b. Aðalmenn

- Jóhanna Vigdís Pálmadóttir, Kristín Embla Guðjónsdóttir, Marín Laufey Davíðsdóttir og Svana Hrönn, samþykkt.

Varamenn

- Ásmundur Hálfán Ásmundsson, Heiðrún Fjöla R. Pálsdóttir og Ólafur Oddur Sigurðsson samþykkt.

c. Tveir skoðunarmenn reikninga og einn til vara

Frestað þar til síðar.

d. Fulltrúa á íþróttatæping.

Vísað til stjórnar.

e. Þrír menn í aganefnd og þrír til vara

Frestað þar til síðar.

## 15. Önnur mál

**Ólafur Oddur Sigurðsson** þetta hefur verið mál málanna á þessu þingi, en ég vil minna á að það er margt gott sem hefur verið gert á tímabilinu, allir í stjórn og starfsmaður hafa gert sitt besta og eftir bestu sannfæringu og óskar bráðabirgðastjórn góðs gengis.

**Atli Már Sigmarsson** segir að Íslandsglíman hafi verið í dag og að sér finndist mótið ganga ótrúlega vel og vill nefna að í fyrsta skipti voru tveir kvennkynsaðaldómarar í báðum flokkum á Íslandsglímunni.

**Guðmundur Stefán Gunnarsson** vildi taka undir með Atla og segir að dómgæsla hafi verið frábær, umgjörð góð og flott mót.

**Rögnvaldur Ólafsson** óskar Glímusambandinu innilega til hamingju með 60 ára afmælið og nefnir að hann hafi sjálfur byrjað í glímu fyrir 60 árum. Hann og Óli hafi verið formenn í samtals um þriðjung af starfstíma GLÍ, eða 20 ár. Rögnvaldur minnst Harðar Gunnarssonar með virðingu og segir hann hafa lagt mikið af mörkum til starfsins. Hann rifjar upp tímana þegar konur máttu ekki keppa og aldurstakmark var 15 ár, en breytingar urðu með grunnskólamótum og dýnum. Hann nefnir einnig löng fundahöld í Glímudómarafélagi Reykjavíkur, og segir að glímukynningar séu ekki með sama móti og áður og mikilvægi alþjóðasamstarfs með þátttöku í keltneska fangbragðasambandinu áður fyrr. Að lokum þakkar hann fyrir samstarfið í gegnum árin

og óskar nýjum kynslóðum velfarnaðar.

**Þorvaldur Þorsteinsson** óskar Glímusambandinu til hamingju og segir líklegt að hann sé eini viðstaddur sem var á stofnfundi GLÍ. Hann minnst Harðar Gunnarssonar hlýlega og segir hann hafa fundið sig betur í félagsmálunum en í glímunni sjálfri. Þorvaldur hefur sótt mörg þing í gegnum tíðina en segir að Hörður hafi sótt flest þeirra. Hann þakkar fyrir öll árin, segir það sérstaka tilfinningu að þekkja engan í Íslandsglímunni í dag, og er þakklátur fyrir að hafa verið boðið velkominn á þingið.

**Guðmundur Stefán Gunnarsson** þakkar fyrir góðar ræður og vill benda á að Þórður er yngsti Glímukóngur Íslands frá upphafi.

**Jón M. Ívarsson** stígur upp í pontu og segir sér hafa þótt rétt að láta til sín taka líka. Hann rifjar upp ferð til Japans, sem hann telur að sé líklega lengsta ferð sem íslenskur glímumaður hefur farið – að minnsta kosti að hans vitund – í þeim tilgangi að kynna íslenska glímu erlendis. Hann undirstrikar mikilvægi þess að horfa út fyrir landsteinana og boða glímuna sem þjóðaríþrótt Íslands víðar. Hörður var ritari um nokkurt skeið og Jón minnst þess að Hörður hafi talað manna mest en skrifað fundargerðir jafnóðum og þær klárar til yfirllesturs í lok fundar.

**Kjartan** ég vil þakka fyrir gott þing, fráfarandi stjórn fyrir sín störf og óska bráðabirgðastjórn góðs gengið og vonar að 10. júní verði komin góð niðurstaða. Óskar GLÍ til hamingju með 60 ára afmælið.

**Kristinn Guðnason** vildi sérstaklega minnst á tvo punkta frá mótinu fyrr um daginn: það voru engin spjöld gefin og fegurðarglímudómarar hafa aldrei gefið jafnhátt fyrir varnir. Eins vildi hann min

**Svana Hrönn** leggur til að fresta þingi þar til að framhaldsþingi verði haldið. Það er samþykkt og þingi frestað klukkan 19:19.

**Jana Lind Ellertsdóttir**

## **Þinggerð 61. ársþings Glímusambands Íslands – Framhaldsþing**

Haldið í Íþróttamiðstöðinni Reykjavík 29. september 2025.

### **1. Þingsetning**

**Guðmundur Gunnarsson**, formaður GLÍ, setti þingið kl. 13.10 og bauð Willum Þór Þórsson, forseta ÍSÍ, þingfulltrúa og gesti velkomna. Tuttugu og tveir einstaklingar voru mættir á staðinn, þar af 14 með atkvæðisrétt.

### **2. Kosning starfsmanna þingsins**

Guðmundur lagði til að Valdimar Leó Friðriksson yrði þingforseti og var það samþykkt. Valdimar Leó lagði til að Svana Hrönn Jóhannsdóttir yrði þingritari. Kjartan Lárusson lagði til að Jón M. Ívarsson yrði þingritari. Var það samþykkt og tók hann til starfa.

### **3. Kjörbréf fulltrúa**

Þar sem hér var um framhaldsþing að ræða voru engar nefndir kjörnar og fór þingforseti yfir kjörbréf þingfulltrúa. Voru flestir hinir sömu mættir og voru á fyrra þingi um vorið.

**HSK** Mættir voru Stefán Geirsson, Sigurður Þór Emilsson, Kjartan Lárusson, Ólafur Oddur Sigurðsson og Kristinn Guðnason.

**ÍBR** Mættir voru Sigurjón Leifsson og Ásgeir Víglundsson. Varamenn: Rögnvaldur Ólafsson, Helgi Bjarnason og Óttar Ottósson.

**UDN** Mætt voru Svana Hrönn Jóhannsdóttir og Jóhann Pálmason. Jóhanna Vigdís Pálmadóttir var fulltrúi á þinginu gegnum fjarfundabúnað.

**UÍA** Mætt voru Guðjón Magnússon, Kristín Embla Guðjónsdóttir, Atli Már Sigmarsson, Eva Dögg Jóhannsdóttir og Hákon Gunnarsson.

Gestir þingsins voru Willum Þór Þórsson, forseti ÍSÍ, Heiðrún Fjóra Pálsdóttir og Adam Ólafsson. Alls voru því 23 á þinginu.

### **4. Reikningar lagðir fram**

**Svana Hrönn Jóhannsdóttir**, gjaldkeri bráðabirgðastjórnar GLÍ, sagðist gera sér grein fyrir því að sú stjórn sem sat fyrir vorþingið bæri ábyrgð á því að hafa ráðið Jönu Lind Ellertsdóttur til starfa sem framkvæmdastjóra og það hefðu verið mistök. Svana tók að sér gjaldkerastarfið í bráðabirgðastjórninni sem tók við mjög erfiðu búi. Hún sagði stjórnina hafa verið heppna að fá Sigmund Stefánsson og síðan Arndísi Arnórsdóttur viðskiptafræðing til starfa. Vonaði að umræður yrðu málefnalegar. Sagði óvíst að sum atriði reikninganna væru

ólögleg en þarna hefði margt komið úr höndum framkvæmdastjóra sem stjórnin vissi ekki um áður.

Á þinginu lágu frammi fundargerðir bráðabirgðastjórnar frá 18. maí til 3. september, óundirritaðar og voru skráðar trúnaðarmál stjórnar. Þar kom fram að bráðabirgðastjórnin: Guðmundur Gunnarsson, Svana Hrönn Jóhannsdóttir, Jóhanna Vigdís Pálmadóttir, Kristín Embla Guðjónsdóttir og Marín Laufey Davíðsdóttir ásamt varastjórn Ásmundi Hálfðán Ásmundssyni, Heiðrúnu Fjólu Pálsdóttir og Ólafi Oddi Sigurðssyni höfðu lagt mikla vinnu í að reyna að koma lagi á reikningana svo hægt væri að leggja þá fram. Þau höfðu hist, ýmist í eigin persónu eða með fjarfundabúnaði á 12 fundum og hér var komin niðurstaða af vinnu þeirra en Arndís Arnórsdóttir, viðskiptafræðingur setti reikningana upp.

Sigmundur Stefánsson var kosinn á vorþinginu til að skoða reikningana og bera saman ið fjárhagsáætlun. Á minnisblaði hafði hann eftirfarandi við þessi skjöl að athuga:

1. Engir launaseðlar voru meðal fylgiskjala.
2. Styrkir og aðrar tekjur voru ofáætluð um rúma milljón í fjárhagsáætlun.
3. Á gjaldalið reikninga voru **Glímukynningar** að upphæð kr. 6.532.747. Ljóst að þessi gjaldaliður var summa nokkurra bókhaldslykla. Langstærsti liðurinn í þeirri summu er **Mót erlendis** kr. 4.829.066. Í fjárhagsáætlun var liðurinn **Erlent samstarf og ferðir** kr. 500.000. Hér hefur verið farið langt fram úr áætlun. Gera verður alvarlega athugasemd við að reikningar sambandsins séu settir fram án þess að kostnaður vegna móta erlendis komi fram með skýrum hætti.

Verulegur rekstrarhalli 2023 og 2024 staðfestir að sambandið hefur ekki efni á að vera með starfsmann í fullu starfi allt árið og að kostnaður vegna móta erlendis verður að vera í samræmi við fjárhagsáætlun. Til að raunverulegur kostnaður við glímukynningar komi fram í bókhaldinu verður að sýna hve stór hluti af launum starfsmanns fer til þeirra.

Sigmundur Stefánsson.

Svana lagði fram nýja reikninga fyrir reikningsárið 2024. Voru þeir allmikið breyttir frá reikningum sem lagðir voru fram á vorþinginu, 10. maí síðastliðinn. Hún sagði að margar skilagreinar væru ókomnar, til dæmis væri ekki búið að innheimta allan kostnað hjá þátttakendum vegna utanferða, en talsvert hefði áunnist. Sambandið skuldar nú 8 milljónir.

## 5. Umræður um reikninga

**Kjartan Lárusson** þakkaði Svönu fyrir hennar störf. Það hefði verið mikil vinna að fara yfir reikningana. Hann sagði ranglega sagt frá glímukynningum og spurði hvað væri innifalið í skammtímaskuldum sem væru 2.6 milljónir. Kjartan gagnrýndi að í fundargerð GLÍ frá 20. nóvember 2024 hefði verið skýrt frá að það ætti að ræða fjármál af alvöru. En svo gerðist ekki neitt og næsti fundur var haldinn 8. apríl 2025 ! Þetta væri mjög alvarlegt og þarna hefði Guðmundur formaður algerlega vanrækt hlutverk sitt.

Svo gagnrýndi hann að GLÍ hefði gerst aðili að vafasömum erlendum samtökum þar sem sonur Erdogans Tyrklandsforseta væri í forsvari. Kjartan sagði: „Ég veit að í stjórninni er

gott fólk og góðir vinir mínir en þau réðu ekki við verkefnið.“ Hann sagðist ekki ætla að segja fleira í bili.

**Guðmundur Gunnarsson** baðst afsökunar á þessu langa fundarhléi. Það væru hans mistök.

**Atli Sigmarsson** ræddi um erlenda sambandið. Taldi að farnar hefðu verið tvær ferðir til Tyrklands og spurði: Var það á kostnað GLÍ eða þessara samtaka? Hver borgaði?

**Guðmundur Gunnarsson** sagði að ferðirnar hefðu verið þrjár. Flugmiði og gisting hefði verið greidd af erlenda sambandinu.

**Atli Sigmarsson** sagði að þetta væri hvergi upplýst og vildi fá að vita hver væri tengiliður GLÍ í þessu máli.

**Guðmundur Gunnarsson** sagði þetta allt skipulagt af þessu sambandi sem vildi þjóðlegum íþróttum vel. Hann hefði talið þetta gott fyrir GLÍ.

**Atli Sigmarsson** sagði þetta engin venjuleg samtök. Þarna væru í löngum röðum ráðamenn einræðisíkja eins og Tyrklands og Belarús og við ættum ekki að koma nálægt þeim.

**Guðmundur Gunnarsson** sagðist ókunnugur pólitík erlendis. Þeir buðu okkur og við þaðum, skemmtileg tilbreyting, sagði Guðmundur.

**Svana Hrönn Jóhannsdóttir** upplýsti að umræddar skammtímaskuldir væru með fyrirvara ógreidd laun Jönu Lindar fyrrverandi framkvæmdastjóra.

**Rögvaldur Ólafsson** undraðist að Jana Lind hefði verið ráðin framkvæmdastjóri og svo gerð að gjaldkera. „Hvernig datt ykkur þetta í hug?“ sagði Rögvaldur.

**Kristinn Guðnason** taldi að þegar fólk kiknar undir störfum þá er bókhaldið það fyrsta sem gefur eftir. Taldi að það hefði átt að gjaldfæra skammtímaskuldir í ársreikningnum.

**Valdimar Leó Friðriksson** kvaðst ætla að hringja í bókarann og spyrja hana um þetta.

**Ásgeir Víglundsson** spurðist fyrir um lausafjárstöðu GLÍ í dag. Hann varaði við samskiptum við óþekkt sambönd og minnti á að eitt sinn hefði Lars Enoksen hinn sænski orðið til þess að 800 þúsund króna skuld féll á GLÍ.

**Ólafur Oddur Sigurðsson** upplýsti að hann hefði setið í bráðabirgðastjórninni sem var skipuð eftir þingið í vor. Þar naut hann góðs af því að hafa áður setið í stjórn og verið framkvæmdastjóri, ólaunaður að vísu. Hann sagði bráðabirgðastjórnina hafa staðið sig vel og skilað mikilli vinnu. Þar hefði verið mikil samheldni. Sagði Svönu hafa staðið sig afburðavel við að fara í gegnum alla þessa óreiðu. Sem dæmi þá var ekki búið að innheimta neitt fyrir

eina einustu utanlandsferð. Hann sagðist hafa lagt til að leita í tölvupóstum GLÍ en Jana Lind var þá búin að eyða öllum tölvupóstum og þar var engar upplýsingar að hafa.

Ólafur sagði að ef við ætluðum að vera með afreksstarf í glímuni þyrftum við að vera með keppnir við erlenda fangbragðamenn og sækja hin föstu mót sem boðið er upp á í keltneskum fangbrögðum. Hann sagði að tíu keppendur hefðu verið ánægðir með að fjórir þjálfarar fóru með þeim til Englands og Skotlands og það hefði komið sér vel. Ólafur sagðist hafa í sumar farið með tvo unga menn til Sardiníu og allir borguðu ferðina úr eigin vasa. „Ef við ætlum að vera með afreksstarf þá verðum við að kosta einhverju til þess,“ sagði Ólafur.

**Svana Hrönn Jóhannsdóttir** svaraði Ásgeiri þannig að það hefði verið notaður vaxtareikningur fyrir inneign GLÍ og inni á honum væri nokkur upphæð.

**Rögnvaldur Ólafsson** sagði furðulegt að keppnisferðir erlendis væru kallaðar glímukynningar en svo væru engar glímukynningar innanlands þar sem mest væri þörfin og alls engar í skólum eins og eitt sinn var. Þetta gengur ekki sagði Rögnvaldur og hann kannaðist ekki við neitt landslið í glímu því menn eru ekki að keppa í glímu við útlendinga.

**Atli Sigmarsson** sagði að það væri ekkert afreksstarf í glímuni, sem væri í útrýmingarhættu. Hann var efins um að við ættum að vera með afreksstarf í erlendum samskiptum. Einnig lagði hann til að við segðum okkur frá þessum tyrknesku samtökum.

**Ásmundur Hálfván Ásmundsson**, fyrrverandi gjaldkeri, talaði gegnum fjarfundabúnað og sagði skammtímaskuldir vera arfleifð Jönu Lindar fyrrum framkvæmdastjóra. Hann sagði rétt að glímukynningar og erlendir kostnaður ættu að færast skilmerkilega í reikninga næst. Hann var ósáttur við að menn kæmu hér upp og töluðu um að hér væri ekkert landslið þegar landsliðsmenn hefðu einmitt skilað góðri frammistöðu.

**Helgi Bjarnason** kom upp og sagði frá því að hann væri með átta glímumenn í æfingum hjá KR. Svo væru æfingar hjá Ármanni og HSK, það gengi vel í glímuni.

**Svana Hrönn Jóhannsdóttir** sagði að það væri hlutverk framkvæmdastjóra að sinna glímukynningum en það hefði fyrrverandi framkvæmdastjóri ekki gert. Hún þekkti þetta vel frá því hún var sjálf framkvæmdastjóri.

**Rögnvaldur Ólafsson** vitnaði í skýrslu fræðslu- og útbreiðslunefndar í ársskýrslu 2023. Hann taldi að sú glímukynning sem þar var talin fram hefði verið fimm daga vinna. Spurði svo: „Hvað erum við að gera í samstarfi við Mjölni og brasilískt jújitsú sem á ekkert skylt við glímu? Svo kvaðst hann ekki ánægður með þessa svokölluðu bændaglímu við Hallgrímskirkju þar sem menn kútveltust hver um annan í einhverju hnoði sem enginn vissi hvað var.“

**Guðmundur Gunnarsson** sagði að tímarnir væru að breytast og við yrðum að bregðast við því.

**Rögvaldur Ólafsson** sagði að við ættum að vera með glímukynningar í grunnskólum en ekki einhver áflog við þá sem ekkert kunna.

**Atli Sigmarsson** taldi skólakynningar hafa runnið sitt skeið á enda. Hann sagði að Jana Lind Ellertsdóttir hefði unnið gott starf við að endurvekja glímuna í HSK.

**Valdimar Leó Friðriksson** bar reikninga undir atkvæði og voru þeir samþykktir með átta atkvæðum gegn tveimur. Fimm fulltrúar greiddu ekki atkvæði.

## 6. Ávörp gesta

**Willum Þór Þórsson**, forseti ÍSÍ kvaðst glaður yfir að vera hér með glímumönnum. Það væri ekkert annað sérsamband með sérstakan styrk frá Alþingi til varðveislu íþróttarinnar. Þar væru menn sammála um gildi glímunnar. Umræða væri hreinskiptin. Sagði það mikinn skóla að hlusta hér á umræður. Þegar kæmi upp ágreiningur þyrfti að ræða hann. Mikil vinna að greiða úr þessum málum eins og hér hefur verið gert. Hann kvað sjálfboðaliðastarf á undanhaldi og þakkaði öllum sem hefðu komið að glímustarfi gegnum tíðina. Sagðist vera uppallinn í KR og hefði mætt þar á glímuæfingar fyrir hálfri öld en ekki átt séns í kappana sem glímdu þar og haldið sig við boltagreinar. Hann sagði að við ættum þennan æðri málstað sem glíman er og vitnaði í Hávamál. Minnti á að glímumenn hafðu stofnað bæði UMFÍ og ÍSÍ sem var einn þáttur í að við urðum sjálfstæð þjóð.

Willum óskaði Kjartani Lárussyni og fleirum til hamingju með viðurkenningar og heiður á árinu. Minntist einnig Harðar Gunnarssonar. Kvaðst ánægður að fá tækifæri til að hitta glímumenn á heimavelli og þakkaði mönnum þeirra góða starf við glímuna.

**Þinglé** kl. 14.23. Þingi var fram haldið kl. 14.55.

## 7. Lögð fram fjárhagsáætlun

**Sigurjón Leifsson** hafði framsögu fyrir fjárhagsnefnd sem var eina nefndin sem starfaði á þinginu og hafði fjallað um fjárhagsáætlun. Honum þótti lágur upphæðir í öðrum tekjum og styrkjum og menn yrðu að hafa metnað til að stunda eigin fjáröflun. Sigurjón sagði reyndar svo langt liðið á árið að stór hluti fjárhagsáætlunar væri orðin sagnfræði. Nefndin varð því sammála um að breyta fjárhagsáætlun ekki neitt.

Fjárhagsáætlun	2025	2025
	Gjöld	Tekjur
Fjárveiting til glímukynninga		1.450.000
Tekjur af Lottó		4.000.000
Ríkisstyrkur - framlag til sérsambanda		3.000.000
Íþr. og Ólymp.samband útbr.styrkur		2.900.000
Styrkir		250.000
Aðrar tekjur		100.000
Laun (glímukynningar og fleira)	3.250.000	
Glímukynningar	1.450.000	
Erlendur ferðakostnaður	300.000	
Glímumót	1.000.000	
Ungmennaráð og ungmennabúðir	800.000	
Erlend samskipti	100.000	
Skrifstofukostnaður	1.300.000	
Tölvu- og tæknimál (heimasíða)	100.000	
Húsaleiga	900.000	
Ársskýrsla og þinghald	500.000	
Kaup á beltum, skóm og stökkum	200.000	
Samtals	10.100.000	11.700.000

**Sigurjón Leifsson** vakti athygli á því að tap síðustu tveggja ára væri tæpar 10 milljónir. „Ef svo fer áfram sem horfir verður sambandið gjaldþrota um mitt næsta ár,“ sagði hann. Hlutverk næstu stjórnar verður að stöðva þessa þróun.

**Ólafur Oddur Sigurðsson** var sammála Sigurjóni en benti á að bráðabirgðastjórnin hefði strax tekið til hendi í sparnaði. Hann sagði frá því að þegar hann gerðist formaður á sínum tíma 2008 hefði verið góður gjaldkeri, Sigmundur Stefánsson, en samt hefði sambandið verið rekið með tapi. Þá hefði hann sagt upp framkvæmdastjóranum og starfað sjálfur sem framkvæmdastjóri launalaust. Þannig hefði tekist að safna fé í sjóði.

**Valdimar Leó Friðriksson** bar fjárhagsáætlun upp og var hún samþykkt samhljóða.

## 8. Kosningar

**Jón M Ívarsson** bað um orðið og sagði Glímusambandið á tímamótum. Hann sagði að bráðabirgðastjórnin hefði unnið mikið og erfitt starf og vildi þakka henni fyrir sín verk. Hann hefði talið rétt sem fyrrum formaður að skipta sér ekki af störfum stjórnar, en um þessa óstjórn GLÍ gæti hann ekki orða bundist. Hann sagði fjárhag GLÍ hálfgerðar brunarústir og stjórnin hefði verið ósamstæð. Ekki væri betur séð en stjórnin fyrir vorþingið hefði verið á einhverju utanlandsævintýraferðalagi. Það væri auðvitað gaman að fara í utanlandsferðir og hver vildi ekki fara ókeypis til útlanda? En það yrði að vera grundvöllur fyrir þessum ferðum.

Hann sagðist hafa séð undarlega setningu í skýringum með svokölluðum ársreikningum: „80% ferða og launakostnaður er vegna glímukynningar í grunnskólum landsins.“ Þetta er ansi ódýr og ómerkileg lygi svo ekki sé meira sagt,“ sagði Jón. Í skýrslu fræðslu- og útbreiðslunefndar stendur: „Farið var í grunnskóla, framhaldsskóla, og háskóla en auk þess var glíma sýnd, kynnt eða kennd á hátíðum, mörkuðum og veislum. Helst ber að nefna *BJJ Globetrotters Icelandic Camp* sem framfer undanfarin ár í Mjölni.“ Hvílíkt bull !

Jón spurði: Hvar eru nöfn þeirra grunnskóla þar sem glímukynningar fóru fram, hver var fjöldi nemenda og hver sá um slíkar kynningar? Svo flutti hann skrifaðan texta:

„Gjaldkerinn, Jana Lind Ellertsdóttir sem einnig var framkvæmdastjóri, virðist hafa haft algjörlega frjálssar hendur um starfsemi Glímusambandsins. Vanrækt kynningar, lagt aðaláherslu á utanlandsferðir og farið óralangt fram úr fjárhagsáætlun með þeim árangri að fjárhagurinn er í rúst. Formaðurinn, Guðmundur Gunnarsson, sem á að hafa stjórnina virðist hafa verið óvirkur áhorfandi að öllu saman og ekki tekið í taumana. Reyndar stundum tekið sjálfur þátt í dansinum. Engir fundir voru haldnir og engar fundargerðir hafa sést í óratíma.

Ef Glímusamband Íslands væri skip mætti segja að það væri strandað. Yfirleitt er það svo að skipstjóri sem strandar skipi sínu segir af sér og ef hann gerir það ekki er hann settur af. Ég get því miður ekki séð að Guðmundur Gunnarsson sé rétti maðurinn til að halda um stjórnvölinn hjá Glímusambandi Íslands. Ég legg því til að Rögnvaldur Ólafsson taki að sér stjórn Glímusambandsins næsta árið og komi því á réttan kjöl.“

**Valdimar Leó Friðriksson** sagði að Rögnvaldur Ólafsson hefði verið boðinn fram til formanns.

**Guðmundur Gunnarsson** sagðist beygja sig fyrir því.

**Ólafur Oddur Sigurðsson** skoraði á Guðmund að bjóða sig fram til formanns og samþykkti Guðmundur það. Fór þá fram formannskosning. Fjórtán þingfulltrúar voru í salnum og Jóhanna Vigdís Pálmadóttir í fjarfundabúnaði var fimmtándi fulltrúinn.

Kosningar fóru þannig: **Rögnvaldur Ólafsson** hlaut 9 atkvæði. **Guðmundur Gunnarsson** hlaut 6 atkvæði.

**Valdimar Leó Friðriksson** tilkynnti að Rögnvaldur væri rétt kjörinn formaður Glímusambandsins og óskaði eftir tillögum um menn í stjórn. Rögnvaldur lagði til að fjórir stjórnarmenn yrðu: Sigurjón Leifsson, Kjartan Lárusson, Sigmundur Stefánsson og Lambi Haraldsson. Fleiri voru ekki tilnefndir og voru þeir sjálfkjörnir.

**Kjartan Lárusson** tilnefndi þrjá menn í varastjórn: Marteinn Kjartansson, Atla Sigmarsson og Jón M. Ívarsson.

**Helgi Bjarnason** bauð sig fram í varastjórn. Fór þá fram kosning milli þessara fjögurra manna og skyldi hver fulltrúi skrásetja þrjú nöfn.

Fjórtán greiddu atkvæði og tveir seðlar voru auðir. Kosningar fóru þannig að Atli Sigmarsson hlaut 12 atkvæði, Marteinn Kjartansson 11 atkvæði, Helgi Bjarnason 7 atkvæði og Jón M. Ívarsson 6 atkvæði. Voru þá þrír þeir fyrstnefndu rétt kjörnir í varastjórn.

Stefán Geirsson og Ásmundur Hálfván Ásmundsson voru tilefndir skoðunarmenn reikninga. Stefán baðst undan kosningu og var þá Kristinn Guðnason tilnefndur. Voru þeir Ásmundur sjálfkjörnir.

Í Aganefnd voru sjálfkjörin Jóhanna Guðrún Magnúsdóttir, Jón B. Valsson og Ingólfur Narfason. Varamenn voru sjálfkjörnir Jón M. Ívarsson, Jóhannes Héðinsson og Magnús Ásmundsson. Var þá kosningum lokið.

## 9. Önnur mál

**Jóhanna Vigdís Pálmadóttir** talaði gegnum fjarfundabúnað. Hún óskaði nýrri stjórn til hamingju. Hún sagði að ekki væri hægt að breyta því sem gerðist í málefnum GLÍ og var ósátt við að umræðan á þinginu hefði mikið snúist um smáatriði sem ekki skiptu máli. Hún sagði að bráðabirgðastjórnin hefði staðið sig frábærlega og vildi þakka það góða starf sem þar hefði verið unnið og gott samstarf með félögum sínum.

**Ólafur Oddur Sigurðsson** óskaði Rögnavaldi til hamingju með kjörið og einnig þakkaði hann Guðmundi fyrir gott samstarf. Hann þakkaði enn fremur bráðabirgðastjórninni fyrir gott samstarf því þar lögðu allir sig fram. Hann skoraði á nýkjörinn formann að sýna þeim einstaklingum virðingu sem hafa keppt í landsliði og staðið sig vel sem fulltrúar glímunnar.

**Atli Sigmarsson** sagðist sammála Jóhönnu Vigdísí í einu og öllu. Við værum lítið samband með fáa iðkendur og yrðum að standa saman ef glíman ætti að lifa af. Hann bar fram þá von að glíman vaxi og dafni.

**Guðmundur Gunnarsson** vildi þakka gott þing og óskaði nýrri stjórn velfarnaðar í starfi.

**Willum Þór Þórssón**, forseti ÍSÍ, sat allt þingið og vildi fyrir hönd ÍSÍ þakka fyrir sig. Honum þótti góður málflutningur fólks undir önnur mál. Hann þakkaði bráðabirgðastjórninni fyrir frábæra vinnu og að koma okkur á þennan stað og koma á þessu þingi. Þakkaði svo öllum viðstöddum fyrir góð störf og gott þing.

**Kristinn Guðnason** óskaði nýkjörinni stjórn til hamingju en sagði að það væri ekki sama að vinna kosningar og ná árangri í starfi.

**Kjartan Lárusson** byrjaði á að þakka bráðabirgðastjórninni fyrir þeirra góða starf en sagði að það væri líka mikið starf eftir áður en allt væri komið í samt lag. Hann sagði

unglingastarfið í glímunni í lægð. Við hefðum farið í lægð á covid tímanum og ekki náð að rífa það upp aftur.

**Svana Hrönn Jóhannsdóttir** þakkaði bráðabirgðastjórn fyrir gott samstarf. Hún þakkaði Valdimar Leó Friðrikssyni fyrir gott samstarf, hann hefði verið haukur í horni. Hún óskaði nýrri stjórn til hamingju með kjörið en lýsti vonbrigðum yfir að þar væru engar konur.

**Valdimar Leó Friðriksson** þakkaði fyrir sig, þakkaði þingritara og gaf síðan nýkjörnum formanni orðið.

Þingið samþykkti einróma að fela þingforseta og þingritara að ganga frá þinggerð og undirrita hana fyrir hönd þingfulltrúa.

**Rögvaldur Ólafsson** þakkaði kjörið. Hann þakkaði bráðabirgðastjórninni fyrir sín störf, einkum Svönu. Það hefði verið talað við konur um að koma í stjórn en þær hefðu ekki verið tilbúnar til að koma inn í starfið. Hann óskaði góðs samstarfs við alla innan glímunnar, óskaði þingfulltrúum góðrar heimferðar og sleit síðan 61. ársþingi/framhaldsþingi Glímusambands Íslands kl. 15.50.

**Jón M. Ívarsson**

**Valdimar Leó Friðriksson**

## Myndir af starfinu 2025



*Verðlaunahafar í +70 kg flokki kvenna á opna bretónska mótinu í Backhold.*



*Setningarathöfn Evrópumeistaramóts í Saint-Renan.*



*EM: Elín Eik Guðjónsdóttir og Jana Lind Ellertsdóttir sýna glímu.*



*EM: Gunnar Freyr Þórarinsson og Hákon Gunnarsson sýna glímu.*



*EM: Elín Eik Guðjónsdóttir fellir andstæðing sinn í Gouren.*



*EM: Heiðrún Fjóra R. Pálsdóttir keppir í Gouren.*



*EM: Kristín Embla Guðjónsdóttir sigrar Gouren viðureign.*



*EM: Gústaf Sæland skellir andstæðingi sínum í Backhold.*



*Jón M. Ívarsson tekinn í hóp heiðursfélaga ÍSÍ.*



*Kjartan Lárusson fær heiðurskross ÍSÍ.*



Komið saman til að rifja upp sýningarferð til Kanada í tilefni 100 ára afmælis Íslendingabyggðar þar 1975. Gunnar R. Ingvarsson, Halldór Konráðsson, Þorvaldur Þorsteinsson, Ingi R. Yngvason, Rögnvaldur Ólafsson og Sigurjón Leifsson.



Hörður Gunnarsson, heiðursfélagi GLÍ, fallinn frá.